


Ársrit 1955



Skógræktarfélag Íslands

Ávallt fyrirbyggjandi:

TIMBUR

KROSSVITHUR

PLEPLÖTUR

SAUMUR

Ímblunir, slátur

Ímblunir, m. spaldi

Ennæmshörðir

Leikátthörðir

Ísna og koma

★ Góð mat - Góð mat

Timburverzlunin Vöndur h.f.

Klaupvangur - Sími 81438

ÁRSRIT

SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

1955



- Gefið út í 5500 eintökum -

REYKJAVÍK - 1955 - PRENTSMÍÐJAN ODDI H.F.

EFNISYFIRLIT:

Bls.

<i>Horft um öxl. Eftir Hákon Bjarnason</i>	5
<i>Fimmtíu ára trjágróður í Eyjafirði. Eftir Ármann Dalmannsson</i>	11
<i>Úr sögu skóga á Austurlandi. Eftir Skúla Þórðarson</i>	19
<i>Skýrsla um skógræðslustörf nemenda Skógaskóla. Eftir Jón J. Jóhannesson</i>	31
<i>Tilraunir með skjólbelti á Sámsstöðum. Eftir Klemenzt Kr. Kristjánsson</i>	38
<i>Staðarval við gróðursetningu. Eftir Sigurð Blöndal</i>	45
<i>Girðingar. Eftir Einar G. E. Sæmundsen</i>	53
<i>Starf Skógræktar ríkisins 1954. Eftir Hákon Bjarnason</i>	75
<i>Fulltrúafundur skógræktarfélaganna 1954</i>	95
<i>Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 1954</i>	98
<i>Skýrslur skógræktarfélaganna árið 1954</i>	102
<i>Reikningar Skógræktarfélags Íslands 1953</i>	112
<i>Reikningur Landgræðslusjóðs 1953</i>	114
<i>Úr ferðabók Sveins Pálssonar</i>	118
<i>Ríkisstyrkur til skógræktarfélaga 1954</i>	120

Kápu myndina gerði Gunnar Rúnar Ólafsson.

Horft um öxl.

Skógræktarfélag Íslands 25 ára.

Eftir HÁKON BJARNASON.

STOFNUN FÉLAGSINS.

Á köldu og sólarlausu vorkvöldi hinn 27. júní 1930 var Skógræktarfélag Íslands stofnað á Þingvelli við Öxará. Voru ekki nema sex tugir manna staddir við þá athöfn af öllum þeim fjölda, er þá gisti Þingvöll, á þúsund ára afmæli Alþingis. Af því má ráða, að ekki hefur atburðurinn þótt merkilegur í augum almennings.

Um 600 manns höfðu að vísu lofað að styðja félagið, en þegar til kastanna kom, urðu hinir fyrstu félagar aðeins um 230 talsins. Skömmu eftir stofnun félagsins dundi kreppan mikla yfir, ásamt deyfð og athafnaleysi á öllum sviðum, og átti hið unga félag afar erfitt uppdráttar um nokkur ár.

Í Ársriti Skógræktarfélags Íslands er all nákvæmlega skýrt frá 20 ára starfi félagsins 1950. Vísast því til þess, ef einhver kynni að vilja vita meira um félagið en hér verður sagt, því að hér verður stiklað á stóru.

STARFIÐ HEFST.

Árið 1932 fékk félagið land undir gróðrarstöð í Fossvogi. Var strax hafist handa um að koma stöð á fót, en um mörg ár miðaði því verki hægt. Árið 1946 tók Skógræktarfélag Reykjavíkur við rekstri stöðvarinnar, og síð-

an hefur hann aukist svo, að stöðin er einna fremst af uppeldisstöðvum landsins.

Á sama ári hóf félagið að gefa úr Ársritið. Var það lítið í sniðum til að byrja með og kom út annað hvort ár. Fyrsta ritið var aðeins tvær arkir, en síðar hafa þau stækkað og oftast verið um 8-10 arkir. Alls hafa komið út 21 rit, og hafa nærri einvörðungu fjallað um skógræktarmál. Því miður eru mörg hin eldri rit uppseld fyrir löngu. Sum er ekki unnt að ná í, því að bókasafnarar sprengja verðið upp fyrir þeim, sem gætu haft gagn af að lesa þau. Dæmi eru til að fyrsta heftið hafi verið selt fyrir kr. 500,00, en ýms önnur fyrir tugi króna, þótt upphaflegt verð hafi aðeins verið tvær krónur.

ÝMIS STÖRF.

Árið 1935 gekkst félagið fyrir friðun Bæjarstaðarskógar í Örafum. Sú girðing komst upp fyrir samskot góðra manna í Reykjavík. Þetta var mikið happaverk, en í Bæjarstað hefur megnið af öllu birkifræi verið sótt undanfarin 20 ár.

Árið 1936 tók félagið við Rauðavatnsstöðinni í Mosfellssveit úr höndum fyrri eigenda. En sú stöð var afhent Skógræktarfélagi Reykjavíkur samtímis Fossvogsstöðinni. Á síðari árum hefur verið plantað þar bæði sitkagreni og öðrum trjátegundum, sem eru vænlegri til þroska en gömlu fjallafururnar.

Árið 1938 hófst Skógræktarfélagið handa um að vinna að friðun Heiðmerkur. Vann stjórn félagsins lengi að undirbúningi hennar og gat bæði lagt fram girðingarefni og peninga, þegar bæjarstjórn Reykjavíkur tók málið að sér. En bæjarstjórnin hefur síðan unnið af miklum skörungsskap að því að gera Heiðmörk að friðlandi Reykavíkinga ásamt Skógræktarfélagi Reykjavíkur og ýmsum öðrum félagssamtökum, sem fengið hafa þar lönd til að gróðursetja í.

Árið 1940 átti Skógræktarfélag Íslands frumkvæði að

stofnun Tryggvagarðs við Selfoss til minningar um 50 ára afmæli Ölvesárbrúarinnar. Skógræktarfélag Árnesinga hefur síðan annast hann ásamt hreppsnefnd þorpsins.

Samtímis lýðveldiskosningunum gekkst Skógræktarfélag Íslands ásamt Landsnefnd lýðveldiskosninganna fyrir stofnun Landgræðslusjóðs. Sá sjóður hefur reynst skógræktarmálunum hin mesta lyftistöng, þótt hann sé enn langt of lítill.

Þá hefur Skógræktarfélagið tvívegis gengist fyrir gagnkvæmum ferðum Íslendinga og Norðmanna til gróðursetningarstarfa. Í ráði er að slík mannaskipti verði einnig á þessu vori. Á þenna hátt hefur 90 Íslendingum gefist kostur á að kynnst Noregi, og hér hefur verið tekið á móti jafnmörgum Norðmönnum. Í vor munu 50 manns bætast við þessa tölu.

STOFNUN HÉRAÐSSKÓGRÆKTARFÉLAGA.

Margt fleira mætti nefna af störfum Skógræktarfélags Íslands, en hér skal að lokum aðeins dregið á aðalþáttinn í allri starfsemi félagsins. Frá upphafi vega átti Skógræktarfélag Íslands að vera landsfélag eða sambandsfélag annarra skógræktarféлага. Samtímis stofnun Skógræktarfélags Íslands var stofnað skógræktarfélag í Eyjafirði, en önnur félög voru ekki stofnuð að sinni, nema Skógræktarfélag Skagfirðinga og Vestmannaeyja, en það félag fékk hægt andlát eftir fá ár.

Lítið samband var á milli hinna þriggja félaga um nokkur ár, og baukaði hver í sínu horni. Skógræktarfélagi Eyfirðinga varð allvel ágengt um margt, en félagið í Skagafirði var lítils megnugt sakir fátæktar. En það var líka annað og meira, sem gerði gæfumuninn milli Skagfirðinga og Eyfirðinga. Eyfirðingar stóðu á gömlum merg sem ræktunarmenn og fyrir starfsemi Ræktunarfélags Norðurlands var mönnum trjárækt ekki eins mikil nýlunda og Skagfirðingum.

Á árunum 1938 og fram til 1940 voru loks stofnuð 6 héraðsskógræktarfélög, og gengu þau öll í Skógræktarfélag Íslands ásamt hinum tveim fyrrnefndu. Árið 1940 var kveðið svo á í skógræktarlögunum, að Skógræktarfélag Íslands skyldi vera sambandsfélag allra skógræktarféлага landsins. Frá 1941 til 1944 voru enn stofnuð 8 héraðsskógræktarfélög, og voru því 16 félög starfandi í árslok 1944. Er hér var komið sögu var full nauðsyn á því, að héraðsfélög væru stofnuð í Reykjavík og Hafnarfirði. En það varð ekki fyrr en haustið 1946, að Skógræktarfélag Reykjavíkur og Hafnarfjarðar tóku til starfa. Afhenti þá Skógræktarfélag Íslands þessum félögum nokkuð af eignum sínum, og starfar nú félagið aðeins sem sambandsfélag, en var áður bæði sambandsfélag og héraðsfélag fyrir Reykjavík og nágrenni.

STÖRF SÍÐARI ÁRA.

Nú eru héraðsfélögin orðin 28 að tölu. Eru starfandi félög í öllum sýslum landsins nema Kjósarsýslu, Vestur-Húnavatnssýslu, Norður-Ísafjarðarsýslu og Vestmannaeyjum. Í nokkrum sýslum eru tvö félög, einkum þar sem langt er milli byggðarlaga eins og í Vestur-Skaftafellssýslu og Barðastrandasýslu.

Vöxt skógræktarfélagsskaparins má nokkuð marka af tölu félaga, en hún mun hafa verið hér um bil þessi:

1930	voru	2	félög	með	um	350	meðlimi
1935	-	3	-	-	-	450	-
1940	-	9	-	-	-	1400	-
1945	-	18	-	-	-	3800	-
1950	-	25	-	-	-	5200	-
1955	-	28	-	-	-	7700	-

Þó segir gróðursetningarstarf héraðsfélaganna meira

um afköst þeirra en langt mál, en undanfarin 5 ár hefur það verið þetta:

1950	gróðursettu	félögin	alls	181.100	plöntur
1951	-	-	-	283.000	-
1952	-	-	-	388.800	-
1953	-	-	-	450.600	-
1954	-	-	-	560.000	-

Í sambandi við þetta er vert að geta þess, að meiri hluti þeirra plantna, sem félögin setja niður, er gróðursettur af sjálfbóðaliðum innan félaganna. Auk þessa hafa félögin reist fjölda girðinga til þess að gróðursetja í á starfssvæðum sínum. Alls eru girðingarnar 130 talsins, og samanlögð lengd þeirra um 112 kílómetrar. Margar þeirra eru auðvitað litlar, en nú orðið reyna félögin að koma upp a. m. k. einni sæmilega stórri girðingu í hverju byggðarlagi til þess að koma upp vísi að héraðsskógum. Girðingar félaganna taka nú yfir um 2500 hektara lands, og enn er hvergi nærri fullsett í þær.

Til fróðleiks má líta á störf félaganna í fyrra. Þá námu heildartekjur þeirra um kr. 1.100.000,00. Tekjur og útgjöld stóðust hér um bil á. Auk teknanna var mikil vinna leyst af hendi ókeypis. Öll vinna félaganna er metin í dagsverkum, og þannig er gróðursetning 250 trjáplantna talin eitt dagsverk, en önnur vinna, svo sem uppsetning girðinga og uppeldi trjáplantna er líka metin. Árið 1954 leystu félögin 3431 dagsverk af hendi. Meira en helmingur var vinna áhugasamra sjálfbóðaliða, og ef þetta er metið til fjár, má a. m. k. bæta kr. 200.000,00 ofan á tekjur félaganna, og verður þá heildartillag þeirra til skógræktar alls um kr. 1.300.000,00 árið sem leið.

Á því ári nam ríkisstyrkurinn til félaganna kr. 325.000,00 en sú fjárhæð er ekki nema fjórði hluti af því, sem félögin inna af hendi, og reyndar tæpur fjórði hluti, ef allt væri tíundað rétt. Félögin leggja því fram þriggja krónu verðmæti fyrir hverja eina, sem þau hljóta af opinberu fé, og er það vel.

STARFIÐ NÆSTU ÁRIN.

Af því, sem nú hefur verið sagt, er ljóst, að skógræktarfélagsskapurinn er í örum vexti, og ennfremur að margs má vænta af honum, ef vel er að honum búið og góðir menn veljast til forustu á hverjum stað.

Skógrækt á Íslandi er svo umfangsmikið starf, að það verður aldrei leyst af hendi svo vel sé, nema með almennum samtökum manna og fórnfúsam vilja fjölda manns. Samtök skógræktarfélaganna hafa því miklu hlutverki að gegna á næstu áratugum, því að það er nú einu sinni svo, að þjóðinni er lífsnauðsyn að rækta við og timbur í landinu.

Nú er markið í skógræktarmálunum að auka mjög uppeldi og gróðursetningu trjáplantna á næstu árum. Starf félaganna verður því á næstu árum einkum fólgið í því að gróðursetja þær á hentuga staði. Til þess að létta undir uppeldinu hefur Alþingi og fjármálaráðherra nýverið gefið heimild til þess að leggja 20 aura aukagjald á nokkrar tegundir vindlinga. Þetta fé á að renna í Landgræðslusjóð, en hann er að vissu leyti sameign skógræktarfélaganna. Þó á féð ekki að leggjast á vöxtu í lánsstofnunum, heldur á að ávaxta það strax í sparisjóði náttúrunnar sjálfrar, með því að láta það standa straum af kostnaðinum við uppeldi trjáplantna að svo miklu leyti sem það hrekkur til.

Ef vel tekst til, mun þessi litli skattur flýta mjög fyrir því, að skógar og lundir breiðist út um landið á næstu áratugum. Og skógræktarfélögin munu væntanlega ekki láta sinn hlut eftir liggja.

Hákon Bjarnason.

Fimmtíu ára trjágróður í Eyjafirði.

Eftir ÁRMANN DALMANSSON.

Um og eftir síðustu aldamót kom veruleg hreyfing á ræktunarmál á Norðurlandi og ekki síst í Eyjafirði. Það var ofarlega í huga þeirra manna, sem þessa hreyfingu vöktu, að klæða landið skógi eða fyrst og fremst að rannsaka mökuleika fyrir því, hvort aðfluttur trjágróður myndi geta þrífist hér á landi. Var hafist handa með innflutning trjáplantna, sáningu trjáfræs og uppeldi trjáplantna bæði af innlendum og erlendum uppruna. Mest kvað að starfsemi Ræktunarfélags Norðurlands í skógræktarmálum sem öðrum ræktunarmálum á þeim tíma. Nú eru þær trjáplöntur, sem gróðursettar voru á þeim árum, sem þessi hreyfing greip um sig, orðnar hér um bil 50 ára gamlar, þær sem vaxið hafa úr grasi og komist til þroska.

Hér verður gefið stutt yfirlit yfir vöxt þessa trjágróðurs í nokkrum reitum, samkvæmt mælingum, sem gerðar voru í haust og í vetur. Það ber þó að athuga, að mælingarnar eru gerðar aðeins á álitlegustu trjánun, einkum þeim beinvöxnustu og er því meðalvöxturinn nokkru lægri heldur en þessar tölur segja til um.

GRUNDARREITUR.

Að Grund í Eyjafirði fékk Skógrækt ríkisins reit til skógræktartilrauna og mun hann hafa verið friðaður 1899 og gróðursett í hann um og eftir aldamótin. Mest af því, sem gróðursett var þar, mun hafa verið innfluttar plöntur og vafasamt um uppruna tegundanna. Reiturinn var

um 1,6 ha að flatarmáli og nýlega hefur hann verið stækkaður svo, að nú er hann rúmlega 3,3 ha. Reiturinn er rétt við þjóðveginn að vestan. Tegundirnar í reitnum eru aðallega þessar: Fjallafura, sembrafura, lerki¹), birki, reynir, blæösp, tvær til þrjár tegundir af greni og gulvíðir.

Mælingar gerðar 18 mars 1955 sýndu eftirfarandi:

Fjallafura.	Sembrafura.	Lerki.	Birki.
5,70 - 43,0	5,10 - 30,0	8,22 - 85,0	7,15 - 42,5
5,62 - 32,0	6,00 - 45,0	8,07 - 53,0	7,59 - 52,0
5,95 - 47,0	5,75 - 28,0	8,04 - 53,0	
5,95 - 40,0	6,33 - 42,5	7,34 - 68,0	
	6,83 - 38,0		
	Blæösp.	Hvítgreni.	Rauðgreni.
	7,90 - 45,0	5,95 - 39,0	4,74 - 28,0
	7,50 - 31,0	5,71 - 38,0	
	7,15 - 39,0	6,45 - 38,0	

Fyrri talan er hæðarmál í metrum, en seinni talan ummál í cm, tekið í 130 cm hæð frá jörð.

Mest er af fjallafuru í reitnum. Hún er mjög runnkennd og greinamikil og hefur því brotnað mikið í snjóavetrum. Hefur hún verið grisjuð töluvert síðustu árin og mun smátt og smátt verða látin víkja fyrir öðrum tegundum. Af sembrafuru eru rúmlega 100 tré í reitnum, sem komist hafa til þroska. Séu þessar sembrafurur vaxnar upp af fræinu frá Irkutsk í Síberíu, sem sáð var í Mörkina á Hallormsstað um 1905 og víðar um land um sama leyti, þá gefur þessi vöxtur furunnar í Grundarreitnum bendingu um, að skilyrði fyrir þessa tegund séu síst óhagstæðari þar en á Hallormsstað. Í bókinni Garðagróður, sem kom út 1950, er þess getið, að byrjað hafi verið að reyna að rækta sembrafuru fyrir 40 árum, en árangurinn orðið lítill. Hæstu fururnar eru þar taldar vera í Hall-

¹) Hér er aðeins talað um „lerki“, vegna þess að ekki er fullvíst, hvort það er evrópískt eða síberískt.



Rauðgreni í Kirkjuhovsgarðinum á Akureyri. Trén voru gróðursett um 1905.

Ljósm. Eðvarð Sigurgeirsson 1955.

ormsstaðarskógi og að Grund í Eyjafirði um 4 m á hæð. Mér virðist sembrafuran vera einhver álitlegasta tegundin í Grundarreitnum. Trén eru undantekningarlítið alveg beinstofna og vöxtur þeirra síðustu árin virðist ekki lakari en annara trjátegunda í reitnum, að undanteknu lerkinu, en stofnar lerkitrjáanna í reitnum eru yfirleitt illa vaxnir. Í vetur ber verulega á kali á árssprotum fjallafurunnar, en sér hvergi á sembrafurunni. Hún virðist

heldur ekki viðkvæm fyrir sjúkdómum. Blæðspin í reitnum mun vera innflutt frá Danmörku. Hún hefur breiðst mjög út í reitnum og út fyrir hann, þar sem hún stendur við girðinguna.

*TRJÁREITURINN AÐ KIRKJUHVOLI
(AÐALSTRÆTI 58) AKUREYRI.*

Árið 1900 var girtur reitur sunnan við kirkjuna í Fjörunni á Akureyri. Var reiturinn rúmlega hálf dagslátt og átti að vera uppeldisstöð fyrir trjágróður af ýmsum tegundum, sem vonir stóðu til, að hér gætu þrífist. Byrjað var á þessu að tilhlutan Páls Briem amtmanns, sem í samráði við Sigurð Sigurðsson skólastjóra við Bændaskólann á Hólum kom verkinu í framkvæmd. Sama ár og reiturinn var girtur, var hann undirbúinn fyrir sáningu og gróðursetningu. Fræ og plöntur hafði verið útvegað í þessu skyni frá Danmörku og Noregi. Samkvæmt skýrslu J. Chr. Stephánssonar, sem annaðist reitinn fyrstu árin, voru þær tegundir, sem sáð var til og gróðursettar voru þetta ár, einkum þessar: Greni, tvær tegundir, fura, tvær tegundir, eldri (Alnus), tvær tegundir, birki, reynir, síberískt baunatré, rósir, lævirkjatré, beinviður (Evorimuns), gullregn, gulvíðir, hlynur (Acer), þyrnar, ribs o. fl. Í júlí og ágúst um sumarið sýndist allt ætla að ganga að óskum, segir í skýrslunni. Plöntur og fræbeð voru í besta útliti, en í mannskaðaveðrinu 20. sept. eyðilagðist svo að segja hver planta, sem gróðursett hafði verið. Girðingar og annar útbúnaður fauk um koll og brotnaði og sumt af fræbeðunum eyðilagðist einnig. Næsta ár var sömu tilraunum haldið áfram og hlúð vel að undir veturinn. Vorið 1902 var græðireiturinn í góðu lagi eftir veturinn. Vöxtur og framför plantna þetta sumar var einnig í góðu lagi. Sumarið 1903 var með hörðustu sumrum norðanlands og var þá lítil framför á plöntum í reitnum, en næsta sumar var hagstætt og framfarir þá góðar. Vorið 1904 var látið töluvert af plöntum til gróðursetningar í Gróðrarstöð



Úr Kirkjuhvolsgarðinum á Akureyri. Fremst til vinstri eru lerkitré, en á miðri myndinni rauðgreni. Tréð, sem verið er að mæla, reyndist 9,05 m. hátt s. l. vetur. Þetta tré hefur alltof litla krónu, en þannig fer, ef þess er ekki gætt að grisja nægilega mikið. Trén eru gróðursett um 1905.

Ljósm. Eðvarð Sigurgeirsson 1955.

Ræktunarfélags Norðurlands, sem stofnað var árið áður og vorið 1905 voru látnar úr reitnum um 3000 plöntur til Ræktunarfélagsins og víðar. Græðireitur þessi féll svo undir Ræktunarfélag Norðurlands frá amtsráðinu og var í eigu þess, þar til núverandi eigandi trjágarðsins, Baldvin Ryel kaupmaður, fékk hann keyptan, er hann byggði

íbúðarhús sitt, Kirkjuhvol, vestan við reitinn. Hæstu barrtrén í þessum reit eru nú:

Rauðgreni.	Lerki.
8,80 - 65,0	10,62 - 65,0
8,80 - 62,0	
9,05 - 35,5	
9,05 - 52,0	

Fyrri talan er hæðarmál í metrum, en seinni talan ummál í cm, tekið í 130 cm hæð frá jörð.

GRÓÐRARSTÖÐ RÆKTUNARFÉLAGS NORÐURLANDS.

Ræktunarfélag Norðurlands var stofnað 1903 og eitt af viðfangsefnum þess var að hefja tilraunir með trjágróður. Akureyrarbær gaf félaginu land, að stærð um 25 dagsláttur. Strax fyrsta sumarið var hafist handa með undirbúning jarðvegsins og næstu vor voru, eins og áður er sagt, gróðursettar trjáplöntur, sem aldar höfðu verið upp í græðireitnum sunnan við kirkjuna og sennilega einnig eitthvað af plöntum innfluttum frá Danmörku og Noregi. Elstu trén í Gróðrarstöðinni eru því um 50 ára gömul. Hæstu trén niðri í stöðinni, þar sem fyrst mun hafa verið gróðursett, mældust síðastliðið haust sem hér segir:

Birki.	Hengibjörk.	Reynir.	Heggur.	Hlynur.
10,00 - 44,0	10,00 - 45,0	9,20 - 57,0	8,45	5,00 - 27,0
9,56 - 65,0	9,55 - 76,0	9,06 - 54,0		5,00 - 43,0
9,73 - 38,0		9,00 - 42,0		
9,00 - 50,0		9,00 - 58,0		
8,70 - 44,0		8,86 - 34,0		
Elri.	Rauðgreni.	Lerki.	Skógarfura.	
7,40	8,30 - 40,0	10,15 - 89,0	8,40 - 47,0	
	7,85 - 45,0	10,40 - 64,0		
	8,65 - 42,0			
	8,20 - 57,0			

Fyrri talan er hæðarmál í metrum, en seinni talan ummál í cm, tekið í 130 cm hæð frá jörð.

Efst í stöðinni sunnan við lækinn, sem fellur niður Naustagilið, er brekka, þar sem hvorki var skjól fyrir norðan- eða sunnanvindi og gróðurskilyrði virtust alls ekki hagstæð. Þar lét Sigurður Sigurðsson, sem þá var framkvæmdastjóri félagsins, gróðursetja ýmsar tegundir af trjáplöntum, aðallega á árunum 1908 og 1909. Var jarðvegurinn ekkert undirbúinn og enginn áburður borinn að plöntum eða neitt fyrir þær gert eftir að þær voru gróðursettar. Tilgangurinn var að fá úr því skorið, hvort trjáplöntur gætu vaxið og dafnað sæmilega á óvöldu landi án nokkurrar umhirðu, fyr en að því kæmi að fara þyrfti að grisja. Vöxtur þessa trjágróðurs var mjög hægfara allt fram undir 1940, en eftir það, þegar grasgróðurinn var



*Lerkitré við Aðalstræti
19 á Akureyri. Stóra
tréð er 10,15 m á hæð.
Uppruni óþekktur.
Gróðursett einhvern
tíma á árunum 1915-20.
Ljósm.:
Eðvarð Sigurgeirsson
1955.*

horfinn í skuggann, fóru trjáplönturnar að teygja úr sér og hefur verið jöfn og góð framför hjá þeim síðan. Búið er að grisja töluvert í brekkunni síðustu árin.

Síðastliðið haust mældust nokkur af hæstu trjánnum í brekkunni sem hér segir:

Birki.	Reynir.	Skógarfura.	Rauðgreni.	Lerki.
8,20 - 43,0	9,40 - 48,0	5,10 - 39,0	8,50 - 39,0	7,80
		6,20 - 34,0	8,80 - 45,0	9,20
			8,25 - 34,0	9,50

Fyrri talan er hæðarmál í metrum, en seinni talan ummál í cm, tekið í 130 cm hæð frá jörð.

TRJÁGARÐAR Í FJÖRUNNI Á AKUREYRI.

Það dylst ekki, þegar farið er um suðurhluta Akureyrarbæjar, að Gróðrarstöð Ræktunarfélags Norðurlands, hefur haft áhrif á umhverfi sitt. Víða meðfram Aðalstræti eru bæði lauftré og barrtré af svipaðri hæð og þau, sem hér eru sýndar mælingar af. Meðal þeirra álitlegustu eru lerki við Aðalstræti 19 og heggur við Aðalstræti 28. Er lerkitréð 10,15 m á hæð og ummál þess í 130 cm hæð er 86 cm. Heggurinn er 9,0 m á hæð, sennilega sá hæsti á landinu. Vekur hann mjög athygli vegfarenda á sumrin, þegar hann stendur í blóma.

Ármann Dalmannsson.

Úr sögu skóga á Austurlandi.

Eftir SKÚLA ÞÓRÐARSON.

Í Austfirðingasögum hinum fornu er víða getið um skóga, einkum í Fljótsdæla sögu og Hrafnkels sögu. Bera þær þess órækan vott, að Fljótsdalshérað hefur verið mjög skógi vaxið, og hvað sem annars verður sagt um heimildargildi þeirra, má fullyrða, að upplýsingar þær, sem þær gefa um skógana, séu í alla staði réttar. Allir ásar og móar og allar hlíðar neðanverðar hafa þá verið vaxnar allhávöxnum skógum og sömuleiðis dalverpin inn af fjörðunum og láglandisræmur meðfram þeim. Þetta er raunar engin saga til næsta bæjar, því að svo var þá um allt Ísland. En aftur á móti er það sérkennilegt fyrir Fljótsdalshérað, að skógurinn virðist hafa haldið sér lengur þar en í nokkru öðru byggðarlagi á landinu að undanteknum einstökum byggðarlögum í Þingeyjarsýslu. Það er því engin tilviljun, að mesti skógur landsins er á þeim slóðum. Besta og yfirgripsmesta heimildin um skóga á Íslandi á síðari öldum er jarðabók Árna Magnússonar, en sá hluti hennar, er snertir Austurland, er því miður glataður, og er það óbætanlegt tjón í sambandi við rannsóknir á afdrifum skóganna á Austurlandi, og raunar öllum búnaðarháttum. En þó eru enn til merkar heimildir um skóga á Fljótsdalshéraði. Vil ég nú í fáum dráttum skýra frá nokkrum þeirra helstu, er varpa ljósi yfir sögu þessara skóga frá því um miðja 18. öld.

Séra Sigurður Gunnarsson á Hallormsstað var einhver merkasti maður austanlands á 19. öld. Hann var fæddur að Ærlæk í Öxarfirði árið 1812 og ólst upp í Norður-Þing-

eyjarsýslu til 18 ára aldurs. En árið 1830 fluttist hann austur á land, lærði þar undir skóla, fór síðan í Bessastaðaskóla 1834 og útskrifaðist þaðan 1839. Nokkrum árum síðar varð hann prestur að Desjarmýri og fluttist síðan að Hallormsstað. Hann var maður fjölhæfur og fjölmenntaður og hinn mesti framfaramaður, búmaður mikill og hafði hinn mesta áhuga á jarðrækt og jarðargróðri. Meðal margs annars, er hann ritaði, er grein um skóga á Austurlandi milli Smjörvatnsheiðar og Lónsheiðar. Sú grein birtist í Akureyrarblaðinu Norðanfara árið 1872.

Hann byrjar greinina á að segja frá því, hve glaður hann hafi orðið, er hann kom á Austurland fyrir rúmum 40 árum, þ. e. 1830, og sá þar laufgaðan smáskóg á einstöku stöðum. En þá kom hann af Langanesi, þar sem hann segir, að hvergi hafi séð neina viðartegund. Fór hann þá að spyrja gamla menn um skógana, sem verið höfðu á Fljótsdalshéraði, er þeir mundu fyrst til, og hve gamlir þeir skógar væru, er blómguðust hér og hvar um héraðið. Segist séra Sigurður hafa haldið þessum eftirspurnum fram um mörg ár og segist jafnframt hafa tekið eftir því, hvernig þeim skógarleifum reiddi af, sem hann sá sjálfur og gat fylgst með. Þegar hann átti tal við gamla menn, sem honum virtust greindir og réttorðir, spurði hann þá, hvað foreldrar þeirra eða aðrir gamlir menn hefðu sagt þeim um skógana, hversu víða þeir hefðu verið og hvenær þeir hefðu fallið, hvað því myndi hafa valdið og hvenær þeir, sem þá stóðu og stærstir væru, myndu hafa farið að spretta. Vegna þessara upplýsinga, sem hann aflaði sér smám saman á 40 árum, og vegna eigin athugana kveðst hann treysta sér til að segja hér um bil rétt ágríp af sögu skóganna á Austurlandi milli Smjörvatnsheiðar og Lónsheiðar síðan á miðri 18. öld.

Um miðja 18. öld, segir hann, var Fljótsdalshérað víða skógi vaxið inn til dala og út um hlíðar, ása og hálsa út um sveitir, allt út að eyjum, láglandinu inn af Héraðsflóa, nema á Jökuldal voru skógar víðast hvar horfnir um þær



Úr Mörkinni á Hallormsstað. Fulltrúar tveggja kynslóða.

Ljósm. Þorsteinn Jóseppson.

mundir og ekki eftir nema örnefni er minntu á skóga, t. d. Brúarskógur. Skógar voru þá og víða í fjörðum, helst inn til dala, en hvergi stórvaxnir nema Hofsskógur í Álftafirði. Þá voru og mjög víða í Fjörðum og Héraði miklir reitir alpaktir grávíði og rauðvíði, sem kallaður er pálmavíðir á Austurlandi. Fjárhús voru þá óvíða og gekk fé úti í skógunum og voru því lítil hey ætluð, og eins var um geldneyti. Voru þess nokkur dæmi, að fé lifði lengi vetrar inni í skógunum, þó að snjór væri uppi yfir á limunum. En í hörðum vetrum féll féð eins og hráviði húsa og bjargarlaust.

Þá voru sums staðar á Héraði svo stórvaxnir skógar, að úr trjám þeirra mátti byggja öll minni hús og að miklu leyti hin stærri. Segir séra Sigurður, að gamlir menn hafi sagt sér frá menjum þessara stóru skóga, bæði í húsum og fnjóskum, er þeir höfðu séð í æsku. Sjálfur segist hann hafa séð menjar af allvænum trjám, líklega frá þeim tíma, t. d. birkifjalir í fjárhúshurð, 6-7 þumlunga breiðar, gamla birkisvola í mæniásu, 7-8 álna langa og allt að tvíspenningi að digurð. Meðal annars segist hann hafa rifið baðstofu fyrir 38 árum, þ. e. 1834. Hún var byggð af tömu birki nema fáeinir spírustafar voru innanum. Þessi baðstofa hafði staðið í 60 vetur eftir sögn manns, er verið hafði við, að byggja hana, en var á níræðisaldri og blindur, er hún var rifin. Var birkið úr henni mest allt ófúið, og segist séra Sigurður hafa byggt fjárhús úr því. Gamli maðurinn, sem byggði baðstofuna, sagði séra Sigurði, að timbrið í hana hefði verið sótt í næstu skóga.

Sumarið 1755, þegar Katla gaus, féll aska yfir Austurland. Var þá mikill hiti og þyrkingur í lofti og lauf skorpnaði á skógum og grannar limar skrælnuðu og urðu að spreki. Fóru þá stórskógar að visna að ofan og kom í þá uppdráttur, en lágs-skógar. sem hinn hærri skýldi, varðist betur. Tóku nú, er frá leið, að falla hinir stærri skógar, einkum frá 1770-1783. Var þá óspart gengið á þá og þeim eytt af öllum mætti. Felldu menn trén og stýfðu niður og færðu í kolagrafir, sem fengust úr 6-10 tunnur kola. En meginhluti trjánna féll þó af sjálfu sér og sprekaði og fúnaði niður í jörðina. Þó voru enn miklir skógar eftir, þegar Skaftáreldarnir komu upp 1783. Það sumar fór eins illa með skógana og Kötlugosið eða verr. Herti þá enn meir á fallinu í öllum skógum og féllu þeir upp frá því unnvörpum. Um aldamótin 1800 og rétt eftir þau, telur séra Sigurður, að allir stærri skógar á þeim slóðum hafi verið fallnir og hafi þá ekki lifað eftir nema smærri skógar, sem varist hafi á ýmsum stöðum innan um stór-

skóginn eða lifað eftir Skaptáreldana. Löndin voru þá víða alþakin trjám og víði, sprekuðum og fúnum. Var sums staðar að líta yfir ása og hlíðar eins og á ísmöl sæi, þar sem sólin skein á þessa barklausu hvítu fnjóska. Menn kepptust við að aka sprekunum heim til eldiviðar, en meiri hluti þeirra fúnaði þó ofan í jörðina, en allvíða entust þau þó til eldiviðar fram um 1830, og sums staðar voru þau til nokkurra nota fram um 1850. Smáviðurinn, sem tórði af Skaptáreldana, og sá, sem spratt þar á eftir, varð að nokkrum notum, en honum var mjög hætt, vegna þess að nú hlífði stórskógurinn honum ekki lengur. Nú lenti öll beit, kolagerð og trjáviðar- og eldiviðartak á honum.


Síðan getur séra Sigurður þess, að þegar hann kom á Austurland um 1830, hafi enn verið töluverður skógur á Héraði til nokkurra nota. Nefnir hann Eiðaskóg, Miðhúsaskóg, Dalaskóg, Egilsstaðaskóg, Höfðaskóg, Sandfells- og Sauðhagaskóg, Mjóaness-, Hafursár- og Hallormsstaðarskóg, Ranaskóg í Fljótsdal, Hreiðarstaðaskóg í Fellum og Hofsskóg í Álftafirði. Segir hann, að skógar þessir hafi verið smáir, 3-5 álnir á hæð hinar stærstu hríslur á efstu limar. Afturför og fall var í flestum þeirra, enda var þá hlífðarlaust gengið á þá til kola, eldiviðar, tróðs og raftviðar. Á felliárum skóganna hnignaði grávíði og rauðvíði. Var sem öllum löndum hnignaði, með því að mörg þeirra tók að blása upp og hlupu og grófust sundur af vatni, þegar viðarræturnar bundu ei lengur jarðveginn.

Fegurstu skógarnir, sem séra Sigurður sá, er hann kom austur, voru Gatnaskógur í Hallormsstaðar landi og Ranaskógur í Fljótsdal. Þeir höfðu byrjað að vaxa upp aftur eftir Skaptáreldana, þegar fátt var um fénað til að stýfa nýgræðinginn, og voru orðnir allt að tveim álnum um aldamótin 1800. En þá hafði fénaði fjölgað mjög og hinir ungu, lágvöxnu skógar fengu ekki staðist ágang hans. Um 1872, er séra Sigurður ritar ofan nefnda grein,

segir hann, að flestir þessir skógar séu horfnir. Sé hvergi blómlegur skógur nema helst á Hallormsstað. Samkvæmt skoðun séra Sigurðar eru það einkum jarðeldarnir, sem í fyrstu hafa valdið falli skóganna á Austurlandi. Er það í raun og veru skoðun gamla fólksins, sem hann talaði við. En hann telur þó, að til þess hafi verið fleiri orsakir, og einhver hin helsta hafi verið sú, að fénaður hafi stýft hann í hörðum vetrum, en þann við, er fénaður hefur stýft, krækjar jafnan, verður þroskalaus og visnar. Hann talar einnig um skemmdir á skógi af völdum vorharðinda. Í lok greinar sinnar lýsir séra Sigurður hinum mikla uppblæstri og öðrum landskemmdum, er komið hafi í kjölfar skógarreyðingarinnar, en að því hafði hann sjálfur verið sjónarvottur í rúm 40 ár. Hann telur nauðsynlegt að girða skógarreiti, sem séu að lifna, til þess að vernda þá gegn ágangi búfjár.

Að því er best verður séð, er þessi blaðagrein séra Sigurðar Gunnarssonar ágæt heimild um sögu skóganna á Austurlandi frá því um miðja 18. öld. Á þeim 42 árum, sem liðu frá því hann kom fyrst á Austurland, þangað til hann ritaði greinina í Norðanfara, hafði hann jafnan skógana fyrir augum og fylgdist með hinum mesta áhuga með hinum raunalegu örlögum þeirra, uppblæstri og öðrum jarðskemmdum, sem af eyðingunni leiddi. Ennfremur lagði hann sérstaka stund á að kynna sér sögu skóganna með því að leita upplýsinga hjá réttorðum mönnum, sem af eigin sýn eða frásögn foreldra sinna vissu greinilega um örlög skóganna frá því um 1750. Ef til vill er þó mest um það vert, að hann athugaði sjálfur leifar af gömlum íslenskum viði, sem enn var í húsum, þegar hann kom austur. Til þess að ganga úr skugga um það, hvort séra Sigurður hefur gert sér rétta hugmynd um eyðingu skóganna eftir 1750, má bera rit hans saman við aðrar heimildir og sjá, hve vel þeim ber saman:

Árið 1893 ferðaðist Sæmundur Eyjólfsson um Fljótsdalshérað, og hafði Búnaðarfélag Suðurlands veitt hon-



Kliffjörn í Hallormsstaðarskógi.

Ljósm. Þorsteinn Jóseppson.

um styrk til þeirrar farar. Förin var gerð til að rannsaka skógana í Þingeyjarsýslum og Múlasýslum. Árið eftir birtist grein eftir hann í Búnaðarritinu, þar sem hann segir frá ferðinni og þá sérstaklega, hvers hann hafði orðið vísari um skógana þar eystra. Um Möðrudal og Jökuldal segir hann, að þar séu allir skógar eyddir, en órækar sannanir séu fyrir því, að þar hafi verið skógar til forna, og á Fljótsdalshéraði sé nú lítið eftir af skógum, en þar hafi allar sveitir verið mjög skógi vaxnar fyrrum. Víða

hafi verið miklir skógar til skamms tíma, sem nú séu gersamlega eyðilagðir, svo sem í Fellum og Eiðabínghá. Á Ekkjufelli og Ormarsstöðum hafi verið stórvaxinn skógur fram undir 1800, en nú sé ekki urmull eftir af þeim. Í Eiðabínghá sé allur skógur horfinn nema smávaxið kjarr í Miðhúsa- og Dalhúsalandi. Á Völlum, segir hann, að skógar hafi verið miklir til skamms tíma, en nú víða mjög eyddir. Hann segir, að Egilsstaðaskógur hafi verið mjög illa farinn fyrir svo sem 10-20 árum, en ábúandinn, Jón Bergsson, láti sér mjög annt um skóginn og hafi ekki látið höggva hann, svo að teljandi sé. Ennfremur segir hann, að það hlífi þessum skógi mikið, að víða sé þar mjög snjóþungt, svo að féð nái eigi að bíta limarnar á vetrum. Hann telur það víst, að skógur þessi verði allstórvaxinn og þroskamikill, ef hann fái jafngóða meðferð framvegis sem hann hefur haft á síðustu árum.

Sæmundur lýsir einnig Hallormsstaðarskógi, sem hann telur stórvaxnastan allra skóga á Íslandi. Segir hann, að mjög hafi verið gengið á þann skóg áður, hafi hann bæði verið höggvinn og beittur, en um alllangan tíma hafi hann sama sem ekkert verið höggvinn og láti ábúandinn sér mjög annt um skóginn. En sá ábúandi var frú Elísabet, dóttir séra Sigurðar Gunnarssonar. Í Fljótsdal segir hann, að hafi verið miklir skógar til skamms tíma, en séu nú mjög eyddir. Nokkurt kjarr sé þó á ýmsum stöðum, s. s. Hrafnkelsstöðum, Víðivöllum ytri og Ranaskógur. Á Víðivöllum ytri skoðaði Sæmundur skógarleifar þær, sem eftir voru, og hitti þar gamlan mann, Jón Einarsson að nafni, sem alla sína tíð hafði verið þar og var þá fyrir skömmu hættur að búa. Sagði Jón honum, að í sínu ung-dæmi hefði skógurinn verið svo þéttur, að allmiklir erfiðleikar hefðu verið á að koma fé í haga frá húsum. Það var á fyrra parti 19. aldar. En svo var skógurinn höggvinn og eyddur á allar lundir, að hann var nálega geryddur, er Sæmundur kom þangað. Sagðist Jón ekki sjá eftir skóginum. Hefði hann verið til ills eins, nema að því leyti sem

hann hefði verið notaður til eldiviðar, rafttekju og kolagerðar, því að kol og raft hefði hann selt til mikilla muna. Hann sagði, að það væri að vísu satt, að landið þar sem skógurinn hefði verið, myndi blása upp allmikið, smám saman eftir að skógurinn væri horfinn, en bætti svo við í hálfgerðu gamni, að þá myndi hann sjálfur verða kominn undir græna torfu. Telur Sæmundur, að því miður muni margir hafa verið jafn skeytingarlausir um skóginn eins og Jón og sé því ekki ástæða til að álasa honum frekar en flestum öðrum. Gamall maður, Jón Pálsson í Víðivallagerði, sagði Sæmundi frá því, að bróðir sinn, fæddur fyrir aldamótin 1800, hefði verið bóndi á Þorgerðarstöðum og hefðu í hans tíð verið birkibitar í eldhúsi þar á bænum. Voru þeir úr Kiðjafellsskógi. Þeir voru kantaðir á hliðum og lítið eitt á röðum. Jón Pálsson sá sjálfur þessa birkibita. Húsið var 5 álnir á breidd og bitarnir heldur lengri. Voru bitar þessir líkir að digurð í báða enda, og sýnir það hæðina.

Um þær mundir skrifaði Sæbjörn Egilsson á Hrafnkelsstöðum Sæmundi bréf, þar sem hann segir frá skógum í Fljótsdal og búnaðarháttum. Segir hann, að fram á miðja 19. öld hafi verið miklir skógar víðs vegar um dalinn. Voru þá skógar um alla hlið Norðurdalsins frá Valþjófsstað að Kleif. Mestur skógur var í Valþjófsstaðarlandi, þar á milli og Hóls. Var gengið mjög á skóg þennan, og var hann mikið notaður til eldsneytis og kolagerðar og einnig til sölu í fjarðarsveitirnar, þar sem kol voru í háu verði gegn sjávarvöru. Segir Sæbjörn, að fjárhús hafi lítið tíðkast um þessar slóðir fyrr en á öndverðri 19. öld. Timbur hafi menn lítið keypt nema í bæjarhús, en skógviður var notaður í útihús. Hann segir og, að raftviður hafi verið vel borgaður, þar sem hann fékkst keyptur. Skógviðarhrísla, sem hafði gildleika til að vera raftæk á þriggja álna lengd, kostaði hálfan ríkisdal, og er það gífurlega hátt verð í samanburði við bæði vinnulaun og verðlag á flestum nauðsynjum á þeim tímum. Vinnumannslaun yfir

árið munu þá ekki hafa farið fram úr 50 ríkisdöllum að jafnaði. Veturgömul kind mun oftast hafa kostað um 5 ríkisdali. Bóndi, sem átti skóg, þurfti ekki að selja nema 100 þriggja álna rapta til þess að fá nægilega mikla fjárhæð til að gjalda vinnumanni árskaupeða kaupa sér 10 veturgamlar kindur. Það er óþarfi að skýra það fyrir lesendum, hvaða áhrif þetta háa verðlag á skógarafurðum hafði á viðhald skóganna.

Þegar ritgerðir Sigurðar Gunnarssonar og Sæmundar Eyjólfssonar eru bornar saman, sést greinilega, að þeir hafa sömu sögu að segja. Skógar hafa verið allmiklir í byrjun 19. aldar, en hafa eyðst óðfluga, einkum eftir miðja 19. öld. Báðir hafa þeir heimildir um stórskóga, er fyrr hafi verið á Héraði, og þó sérstaklega séra Sigurður, sem þekkti menn, er mundu eftir sér frá því um Kötlogosið 1755. Er því engin ástæða til að draga í efa sannleiksgildi frásagnar hans.

Páll Melsteð sagnfræðingur ólst upp á Ketilsstöðum á Völlum frá 7. til 16. aldursárs - 1819-1828 -. Hann segir frá því, að mikill skógur hafi verið á Ketilsstöðum, er hann var þar, og enn meiri áður, að sögn kunnugra. Segir hann, að mjög hafi gengið á skóginn, er notaður var til kola, eldiviðar og rafta, auk þess sem ýmsir búshlutir voru þá smíðaðir úr birki, s. s. heymeisar, taðkláfar, torfkrókar og rokkar. Hann greinir frá því, að maður einn, er Jón hét og bjó að Viðarsstöðum í Útmanasveit, er var mikill rennismiður, hafi smíðað um 900 rokka og selt hvern á 1 spesíu, 4 krónur. En það var á fyrri hluta 19. aldar mikið fé. Þá sást varla útlendur rokkur á Austurlandi.

Páll segir, að faðir sinn hafi ekki haft mjög margt fé á Ketilsstöðum, ekki full 400, þegar flest var. En hann kveðst hafa heyrt, að þeir, sem bjuggu þar eftir hann, hafi haft mikinn fjárfjölda eða um helmingi fleira fé en hann hafði. Það þarf engan að undra, þó ekki sé mikið

um skóg á Ketilsstöðum, fyrst þar voru um 800 fjár eða því sem næst á tímabilinu fyrir og um miðja 19. öld.

Í hörðum vetrum, þegar bændur urðu almennt heylausir, fóru skógarnir verst og því verr sem þeir urðu minni. Einn harðan vetur, líklega 1823-1824, voru rekin mörg hundruð fjár utan af Héraði upp í Skóga, einkum í Hallormsstaðarskóg, og lifði þessi fjárfjöldi eingöngu á skóginum þar til batnaði.

Í upphafi 20. aldar, þegar hreyfing byrjar til verndar skógunum, er varla um nokkrar skógarleifar að ræða á Austurlandi nema á Völlum og þó aðallega á Hallormsstað og Egilsstöðum, þar sem ábúendurnir létu sér annt um að hlífa þeim.

Í Hróarstungu og Hjaltastaðþinghá, sem liggja næst Héraðsflóa, hafa skógarnir aldrei verið eins víðáttumiklir



Frá Atlavíkurstekk í Hallormsstaðarskógi. Norsk skógarfura, ættuð frá Snåsa í Brændalögum, gróðursett 1940, alls 500 plöntur, sem flestar hafa lifað. Haustið 1954 var hæsta tréð 2,40 m., lengstu ársprotar 50 cm og meðallengd ársprota 28 cm.

Ljós. Gunnar Rúnar Ólafsson 1954.

og í uppsveitum Héraðsins, vegna þess að þar er svo mikið mýrlendi. En af því að þeir voru tiltölulega umfangslitlir í hlutfalli við fjölda gripa og manna á svæðinu, var meira farið að ganga á þá fyrir hið mikla skógarfall en skógana á Upphéraði, og eftir skógarfallið mikla var auðvelt fyrir fénaðinn að ráða niðurlögum hinna dvergvoxnu trjáa, er eftir stóðu.

Á Úthéraði eru oft mikil snjóþyngsli og nær lítt til jarðar. Hefur snjólagið þá margsinnis verið þannig, að féð hefur ekki náð til annars en hæstu toppa hinna stærri trjáa. Þannig hafa þessir skógar gereyðst fljótlega eftir skógarfallið. Á Upphéraði var að jafnaði miklu snjóléttara, og náði féð því betur til jarðar, og var því minna gengið á skógana í skaplegum vetrum. Hin hraða eyðing skóganna þar frá því fyrir eða um miðja 19. öld mun stafa bæði af miklum fjárfjölda og því, að bæði kol og raftviður voru í háu verði, eins og áður er sagt. Til raftviðarins dugðu aðeins hæstu hríslurnar og voru því fyrst og fremst höggnaðar. Skógarleifarnar hurfu því óðfluga, enda þótt tíðarfar og vaxtarskilyrði skóga væru yfirleitt sæmileg um þær mundir.

Það er engin ástæða til að ætla, að skilyrðin til að varðveita skóginn hafi verið betri á Hallormsstað og Egilsstöðum en víða annars staðar á Fljótsdalshéraði. Skógarfallið mikla kom auðvitað engu síður við þá en aðra skóga þar um slóðir, og á öndverðri 19. öld munu þeir ekki hafa staðið ýmsum öðrum skógum miklu framar. En svo giftusamlega tókst til, að á síðari hluta 19. aldar voru þar ábúendur, er stóðu flestum framar um skilning á gildi skóganna, og ef til vill væri hinn mesti og fegursti skógur Íslands með öllu horfinn, ef séra Sigurður Gunnarsson og síðan frú Elísabet dóttir hans hefðu ekki búið á Hallormsstað á þeim tíma, sem mestu máli skipti, sömuleiðis Egilsstaðaskógur, ef Jóns Bergssonar hefði ekki notið við.

Skýrsla um skóggræðslustörf nemenda Skógaskóla.

Eftir JÓN JÓSEP JÓHANNESSON.

Allmiklar umræður hafa spunnist hér á landi undanfarin ár um eyðingu skóga, uppblástur og nauðsyn skipulagðrar landgræðslu til þess að hindra frekari spjöll á gróðri landsins. Um þessi mál hafa stundum risið óheppilegar þrætur og þras, ófrjóar og lítt skipulagðar, en staðreynda ekki leitað sem skyldi. Jafnan hefur örlað á þeirri kenningu, að land yrði að blása upp, þar sem jarðvegur væri orðinn mjög þykkur, því að gróður sá, er myndast kynni með tímanum á hinu örfoka landi, yrði kjarnmeiri en í hinum þykka jarðvegi.

Margt áþekkt hefur verið tínt til, en um þessi mál fást aldrei rétt svör fyrr en nægar vísindalegar tilraunir verða gerðar.

Hér á Skógaheiði hefur orðið mikil eyðing lands, graslendi minnkar stöðugt, og stór moldarrof teygja sig allt niður í brúnirnar fyrir ofan skólann. Úr þessum rofum fýkur mjög, er vindur leikur af norðri og gerir loft óholtt mönnum og málleysingjum.

Þetta var ein ástæða þess, að skóggræðslutilraunir voru hafnar hér í Skógum og hafa nemendur unnið að þeim í einn eða tvo daga á vorin, á meðan gengið er frá prófum þeirra.

Fimm ár eru liðin frá því, að þessar tilraunir hófust hér, og er ekki úr vegi að gera sér grein fyrir, hvort skóggræðsla eigi rétt á sér á þessum stað.



Héraðsskólinn að Skógum undir Eyjafjöllum. Í brekkunum bak við skólahúsið er skógræktargirðingin, Þar er jarðvegur mjög góður til gróðursetningar og í giljunum er skjól gott.

Ljósm. Gunnar Rúnar Ólafsson.

1950. Vorið 1950 voru gróðursettar fyrstu trjáplönturnar á vegum skólans. Girtur var smáreitir í brekku austan Réttargils, og þar voru gróðursettar 1500 furuplöntur fjögurra ára, 2/2, og 200 birkiplöntur 2/2. Reit þessum hallar mót suðri, jarðvegur er þar mjög frjór og því ekki sem heppilegastur fyrir furu, en hann var valinn sökum þess, hve auðvelt var að verja hann. Þetta vor stungu nemendur niður og lagfærðu brúnir á rofi því, er liggur upp frá Úlfhildarbrekku, en hún er lítið eitt fyrir vestan og ofan skólann, og þaðan hafði mesta moldrokið borist.

1951. Furan tók ágætum framförum um sumarið, en vorið 1951 gengu hlýindi í garð fyrst í apríl, og um sumarmál gerði frostkafli, svo að allmikil spjöll urðu á henni. Birkið sakaði aftur á móti ekki.

Vorið var kalt og frost um nætur, svo að ekki þótti rétt að gróðursetja, þá er fyrstu og annars bekkingar fengu heimfararleyfi, en það var í lok apríl. Var því gróðursetningu frestað þar til í lok maí og unnu þriðjubekkingar að henni. Gróðursettu þeir 300 sitkagreni 2/2 í Réttarbrekku, 500 furu- 3/0 og 500 birkiplöntur 2/2.

1952. Veðráttta var mild næsta vetur; vor gekk snemma í garð og var veðurbliða mikil um mánaðarmótin apríl og maí.

Gróðursettu nú fyrstu og annars bekkingar 2500 birkiplöntur, 200 rauðgreni, 100 sitkagreni og 200 lerkiplöntur.

En er vika var af maí gerði kalda af norðri, er stóð um hálfan mánuð, með næturfrosti, þurraræðingi og moldroki. Birkið þoldi illa þessi snöggu veðraskipti. Það brumkól, enda voru plönturnar litlar og lítt þroskaðar. Sitkagrenið sakaði alls ekki, en rauðgrenið og lerkíð skemmdist allmikið.

Þetta vor var girtur reitur á Skóga sandi sunnan Kvernu. Reitur þess er einn hektari að stærð og gróðursettu nemendur þar 300 birkiplöntur, nokkur sitkagreni og fáeinar furur. Birkið var alltof smátt til slíkra nota, en þó lifir það og hefur ekki lyfst upp af völdum holklaka. Í lok maí gróðursettu þriðjubekkingar 300 sitkagreni, og var skólinn þá svo heppinn að fá heimsókn ungra Norðmanna, er komu að Skógum í fylgd með skógarverðinum á Tumastöðum.

1953. Vorið 1953 var ekki kleift að gróðursetja, þá er yngri bekkir fóru heim, og unnu þriðjubekkingar einir að gróðursetningu. Skógrækt ríkisins gaf skólanum 3500 furuplöntur þriggja ára, 3/0, en auk þess voru gróðursettar 2500 furur, 200 birki-, 300 sitkagreni- og 100 rauðgreniplöntur; 200 furur 2/2 voru settar í elsta furureitinn í stað þeirra, er dáið höfðu.

1954. Stærsta átakið í skógræðslu hér í Skógum hefur verið gert í vor. Um sumarmál gróðursettu nemendur úr

öllum bekkjum 7000 birkiplöntur í Krosshólum, 1500 rauðgreni og 300 þingvíðiplöntur (á Skógasandi).

Í lok maí gróðursettu þriðjubekkingar 150 sitkagreni í Réttarbrekku, 150 blágreni fyrir ofan Úlfhildarhús og 200 birki. - Tvær athyglisverðar tilraunir voru gerðar hér í vor og verður mjög fróðlegt að vita, hvort þær bera árangur.

Í girðinguna á Skógasandi var sett skjólbelti úr þingvíði og fjögurra ára birki, 2/2. Víðirinn var settur með 40 cm millibili, en birkið 75 cm. Milli raða er sama bil. Hin tilraunin var gerð í Úlfhildarrofi, og var sett þar allbreitt beltí úr birki. Nokkur gróður er nú tekinn að festa rætur í rofinu og má því gera sér vonir um árangur.

Þessi atriði ættu að gefa nokkra mynd af skógræktarstarfi nemenda hér í Skógum. Þetta starf er unnið án gjalds og af frjálsum vilja. Nemendur hafa yfirleitt sýnt mikinn og lofsverðan áhuga við gróðursetninguna og reynt að vanda hana eftir bestu getu.

Er því rétt að skýra frá því í fáum orðum, hvernig vinnu er háttað og hvað ber helst að forðast, svo að mistök verði sem minnst.

a) Best hefur reynst að skipta nemendum í flokka, þannig að sjö séu í hverjum flokk og sé einn þeirra flokkstjóri, er líti eingöngu eftir því, að verkið sé vel unnið.



Gróðursetning við Skógaskóla. Þriðjubekkingar 1953 gróðursetja skógarfuru, ættaða frá ströndum Tromsfylkis.

Ljósm. Júlíus J. Daníelsson
1953.



Kennslustund í gróðursetningu við Skógaskóla.

Ljós. Sigurður B. Eymundsson 1955.

b) Flokkarnir séu sem dreifðastir þannig, að mest þrír flokkar vinni við sömu spilduna, og þá þarf *fullorðinn* mann til að líta eftir, að vinna fari skipulega fram.

c) Unnið sé mest tvo tíma samfleytt, þó með smáhvíldum, þar sem með engu móti má skapa *andúð* hjá nemandanum á starfinu. Þegar unnið er, skal vinna kappsamlega.

d) Ekki skal vinna lengur en sex tíma á dag, og er það jafnlangur tími og seta venjulegs skóladags. Hæfilegt er, að nemandi setji niður 10 plöntur á klukkustund eða 60 plöntur yfir daginn. Tveir nemendur vinna ætíð saman, og verða því afköst þeirra 120 plöntur á þessum tíma. Eru þeir þá samanlagt 3 mínútur að taka holu, koma plöntunni í jörð og ganga frá henni. Þegar nokkur leikni er fengin, má auka vinnuafköstin, svo að þau verði 15 plöntur á nemanda á klukkustund.

e) Sýna þarf skógræktarmynd og lofa nemendum að skemmta sér, er þeir hafa leyst verk sitt vel og skynsamlega af hendi.

Skógræktarmál Íslands eru enn í deigluinni. Þjóðin hefur verið vantrúuð á, að hér gætu dafnað nytjaviðir og hún hefur allt til þessa litið á skógræktarmálin sem tómstundagaman. En augu æ fleiri hafa lokist upp fyrir þessu nytjamáli á síðustu árum, og almennur skilningur á nauðsyn skógræktar hefur skapast í mörgum héruðum landsins, þótt misskilningur margs konar sé enn þrándur í götu þess.

Skólar landsins eru kjörinn vettvangur til að slæva þenna misskilning og skapa markvissa sókn á þessu sviði.

Héraðs- og gagnfræðaskólar hafa nú risið upp í flestum héruðum landsins. Um störf þeirra og nytsemd hefur staðið nokkur deila og því verið haldið fram, að ávöxtur þeirra sé of einhæfur. Skógrækt gæti orðið liður í því, að gera starf skólanna jákvæðara ásamt fleiri ræktunarstörfum, en það kostar að vísu nokkurt fé. Verða hér sett fram fá atriði að lokum, sem athuga mætti í þessu sambandi.

I. Tryggja þarf skólunum gott land til gróðursetningar, sjá um, að varsla þess sé örugg, og búa skólana öllum nauðsynlegum tækjum, svo að gróðursetningarstarfið geti orðið sem best af hendi leyst.

II. Sérfræðingur í skógrækt þarf að gera uppdrátt að landinu, athuga, hvar skjólbelta sé þörf, ákveða, hvaða trjategundir skulu gróðursettar, og vinna síðan ár hvert samkvæmt áætlun, sem hann hefur gert.

III. Tengja þarf skógræktarstarfið grasafræði og búnaðarfræðslu skólanna og sjá um, að nemendur séu nokkuð kunnugir frumatriðum skógræktar, áður en gróðursetning hefst á vorin.

IV. Skógrækt ríkisins, fræðslumálastjórnin og sýslufélög ákvæðu svo í sameiningu, hve miklu fjármagni yrði

varið til þessarar starfsemi, og væri á þann hátt tryggt, að fjárhagsvandræði spilli ekki starfinu.

Enginn efi er á því, að skólar landsins geta orðið skógræktinni að liði og fræðsla og örugg vinnubrögð verða þyngst á metum, er til lengdar lætur. En ef skógrækt í sambandi við þá verður framkvæmd mjög af vanefnum, þótt nemendur og kennarar vinni kauplaust að henni og bæti því á skyldustörf sín, sem eru þó ærin við heima-vistarskóla, gæti svo farið, að verr þyki af stað farið en heima setið. Ef mistök verða vegna þess, að aðstæður knýja þau fram, hvort sem þau stafa af fjárskorti eða tími hefur ekki leyft að vinna störfin svo vel sem skyldi, þá verður það notað sem sönnunargagn um það, að skógur geti ekki þrífist á Íslandi, og nemendur fá ótrú á slíkum störfum, og það er öllu verst.

Hér er það málefni, sem fræðslumálastjórn landsins, og Skógrækt ríkisins geta leyst giftusamlega af hendi komandi kynslóðum og fósturjörðinni til blessunar.

Jón J. Jóhannesson.

Tilraunir með skjólbelti á Sámstöðum í Fljótshlíð.

Eftir KLEMENZ KR. KRISTJÁNSSON.

Skjólbelti er einn sá þáttur skógræktar, sem eflaust á eftir að vinna skilning manna hér á landi. Ræktun skjólbelta er hér lítið reynd enn og lítt rannsökuð, en í öðrum menningarlöndum eru skjólbelti víða ræktuð til að skýla öðrum gróðri og það í mun hlýrri löndum en Ísland er. Í okkar veðrasama landi geta þau gert mikið gagn og breytt viðhorfi manna til ræktunarmála, prýtt umhverfið og skapað öruggari skilyrði til fjölþættrar ræktunar en áður hafa þekkt hér á landi.

SKJÓLBELTIN Á SÁMSSTÖÐUM.

Af því að ég hef undanfarin 15 ár átt nokkuð við ræktun skjólbelta, ætla ég hér í fáum orðum að skýra frá reynslu minni, þó að hún leysi ekki allan vandann við þetta mál.

Það var árið 1940, að ég gróðursetti 3 raðir af birki í skjólbelti fyrir austan heimabyggingarnar á Sámstöðum og er þetta belt austasti hluti trjágarðs þess, sem nú er við bæinn. Birkið var ættað úr Bæjarstaðarskógi. Notaðar voru 4 ára gamlar plöntur. Jarðvegurinn var vel undirbúinn og blandaður vel með mykju. Plönturnar voru settar niður síðast í maí og gróðursettar með 50 × 80 cm vaxtarrými. Fyrstu 8 árin var á hverju hausti borin mykja að hverri plöntu. Beltunum var stöðugt haldið hreinum fyrstu 10 árin, en úr því hefur gras vaxið milli



Eitt af elstu skjólbeltunum á Sámsstöðum. Maðurinn á myndinni er Klemenzt Kr. Kristjánsson.

Ljósm. Garðar Jónsson 1955.

þeirra. Í þessu belt, sem er 3 m breitt, hefur vöxtur orðið fádæma mikill. Nú er neðsti hluti beltisins þannig orðinn rúmlega 3,5 m á hæð. Belti, sem gróðursett var í sams konar jarðveg um 120 m vestar, en borið var á aðeins um leið og gróðursett var, er nú um 2 m á hæð. Sýnir þetta ljóslega, hvað umhirða og áburður getur örvað vöxtinn og flýtt fyrir því, að skjólbeltin geti komið að gagni.

Árið 1947 var gróðursett í 120 m langt belt á móajörð. Landið var vel undirbúið, myldið og gott sáðbeð. Borin voru í landið sem svaraði 800 kg af garðáburði á hektara. Beltið var 8 m breitt og vaxtarrými milli plantna 1×1 m. Síðan hefur enginn áburður verið á það borinn og beltíð látið eiga sig umhirðulaust. Hæð þess nú eftir 7 ár er 1,10-1,40 m.

Á sama tíma voru settar birkiplöntur í vel fúna mýri (200 m langt belti) og notaður garðáburður. Þar eru beltin orðin um 1,60-2,00 m á hæð. Þetta belti, sem þannig er jafngamalt hinu fyrrnefnda, hefur vaxið svo miklu betur, en hefur þó enga umhirðu fengið og engan áburð eftir gróðursetningu. Í mýrinni hefur beltið vaxið a. m. k. fjórðungi örar en í móajörð, miðað við sömu meðferð.

Árið 1949 var gróðursett 100 m langt belti í móajörð. Jarðvegurinn var myldinn og vel undirbúinn. Þetta belti kól talsvert 1951, en birkiplönturnar hafa náð sér furðuvel, enda þótt ekki hafi verið um þær hirt eða borið á, og er beltið nú um 1 m á hæð.

Síðast var gróðursett 200 m langt belti í tún árið 1951. Grafnar voru holur, mykja sett í holurnar og blandað saman við moldina og plönturnar síðan gróðursettar. Þessu belti hefur vegnað verst. Þar hefur vöxtur orðið lítill, en útlit þó fyrir, að það nái sér upp með tímanum. Þetta belti er í raun og veru dæmi um, hvernig *ekki* á að rækta skjólbelti.

Af framangreindri reynslu virðist mér, að við ræktun skjólbelta þurfi að nota mikinn áburð og hirða beltin vel fyrstu 8-10 ár ræktunarinnar. Er þá unnt að fá 2,5-3 m há belti á 10 árum, ef notað er birki.

TEGUNDAVAL.

Um val tegunda get ég lítið sagt. Birki og þingvíði er vel hægt að nota með góðum árangri. Hvort greni og fura verði nothæf hér á landi í skjólbeltarækt, er lítt rannsakað, en nauðsyn ber til að gera tilraunir með þessar tegundir, og þá helst innan um birki eða víði.

Best virðist mér að forrækta landið, sem nota á undir skjólbelti, í 1-2 ár. Væri þá best að nota mikið af búfjáráburði fyrsta og annað forræktarár og rækta hafra til grænfóðurs. Með því móti fengist myldið gróðursetn-

ingarbeð fyrir plönturnar. Nauðsynlegt er að nota ekki mjög litlar plöntur, helst 4-5 ára gamlar af birki, og tel ég það veigamikilið atriði.

KOSTNAÐUR VIÐ SKJÓLBELTI.

Hvað kosta skjólbelti á hektara? Vert er að gera sér ljósa grein fyrir þessu atriði. Ef rækta á skjólbelti á hverri jörð, t. d. 5-10 ha, þarf að velja land, sem liggur vel við sól, og er gott til ræktunar. Beltin þurfa að vera þvert á vindátt þá, sem tíðust er og hörðust á hverjum stað. Ætla má, að tvö beltí með 50 m á milli, 100 m löng, nægi til þess að veita mikilvægt skjól á ha. Beltin væru þá höfð 3-5 m breið, þ. e. 3-5 raðir. Ef tvö beltí eru á ha, eitt 5 raða og annað 3 raða, myndu fara 800 plöntur á ha miðað við 1×1 m vaxtarrými. Ef reiknað er með, að hver planta kosti kr. 1,50, yrði plöntukostnaður á ha kr. 1.200,00. Gróðursetningu og jarðvinnslu reikna ég kr. 850,00 á ha. Umhirða og áburður í 10 ár kr. 300,00 á ári. Samtals verður þetta kr. 5.050,00 á ha, auk vaxta af þessari upphæð. Að 10 árum liðnum ætti beltíð að vera farið að gera talsvert gagn, og eftir þeim athugunum, sem ég hef gert á mjölsöfnun korntegunda, skilaði skjólbeltíð kostnaðarverði sínu í aukinni uppskeru á næstu 5-7 árum. Eftir 17 ár frá gróðursetningu ætti beltíð þá að hafa skilað öllum tilkostnaði við ræktun þess. Kemur þá sem hreinn ágóði sú uppskeruaukning, sem beltunum fylgir á ókomnum árum.

Þess skal geta, að vitanlega verður að girða vel það land, sem skýla á með lifandi trjágróðri, því að búfénaður má ekki að neinu ráði ganga um skjólbeltaland fyrstu ár ræktunarinnar.

ÁHRIF SKJÓLS Á UPPSKERU.

Áhrif skjóls hafa verið rannsökuð nokkuð á Sámsstöð-

um síðan 1945 og til þess notað það skjólbelti, sem gróðursett var vorið 1940.

Þessum athugunum hefur verið þannig til hagað: Byggi, höfrum og vorhveiti hefur verið sáð með sama áburði, sáðtíma og í sams konar jarðveg á skjóllaust land og í skjóli við trjábelti, 3 m vestur frá beltu. En samanburðurinn er síðan gerður á þúsundkornaþyngd kornsins þau 5 sumur, er þessar athuganir hafa farið fram.


Árangurinn hefur orðið þessi:

Uppskeyra á korni á Sámsstöðum í skjóli og skjóllausu landi.

Ár.	Tegund.	Í skjóli 1000 korn vega grömm.	Hundraðstala Skjóllaust = 100.	Skjóllaust 1000 korn vega grömm.
1945.	Bygg	41,6	123	33,8
Slæmt	Sv.orionhafrar	34,0	144	23,6
ár.	Vorhveiti	32,2	117	27,6
1946.	Bygg	52,2	116	45,2
Gott	Sv.orionhafrar	36,7	115	31,9
ár.	Vorhveiti	36,7	117	31,4
1952.	Sigurbbygg	29,5	118	25,5
Slæmt	Samehafrar	47,0	150	31,3
ár.	Vorhveiti	17,5	117	15,0
1953.	Sigurkorn	43,7	126	34,7
Gott	Samehafrar	45,7	129	35,4
ár.	Vorhveiti	35,1	110	32,4
1954.	Sigurkorn	36,7	122	30,0
Gott	Sv. orionhafrar	42,0	110	38,2
ár.	Vorhveiti	31,2	195	15,7

Tölurnar sýna, að kornveg. ræktaðar í skjóli hafa alltaf verið mjölvisríkari en á skjóllausu landi. Gildir þetta allveg sérstaklega, ef sumrin eru köld, eins og 1945 og 1952. Þá hefur skjólið algerlega bjargað þroskuninni. Árið 1952 nær vorhveiti ekki fullum þroska í skjóli, en það var vegna þess, að þá hafði ég ekki rétt afbrigði - amerískt hveiti, fremur seinþroska - en hin árin sænskt afbrigði, er oft hefur náð hér góðum þroska, Diamant I.

Það má áreiðanlega fullyrða, að skjólbelti um kornrækt væri mikil öryggisráðstöfun fyrir þá framleiðslu, og álít ég, að þessar athuganir bendi ótvírætt til þess.



Skjólbelti á Sámsstöðum, gróðursett árið 1947 í vel fúna mýrarjörð.

Hæð þess er nú 1,60-2,00 m.

Ljósm. Garðar Jónsson 1955.

NIÐURLAG.

Mikill ávinningur væri það, ef hvert býli ætti skýlt svæði, þótt ekki væri meira en 1-2 ha, til þess að rækta garðjurtir, kartöflur og korn. Því stærri ræktunarsvæði, sem skýld væru með skjólbeltum, þeim mun verðmeiri verður jörðin frá framleiðslusjónarmiði, og kemur þá fegurðin við beltin í uppbót.

Hér á landi er talsverður árferðismunur. Kartöflur ná ekki góðum vexti í öllum árum. Má ætla, að hér á Suðurlandi láti nærri, að meðaluppskera og betri verði 2 til 8 ár af hverjum 10. Með því að rækta skjólbelti myndi þetta verða á annan og hagstæðari veg. Uppskeran yrði meiri í skjóli í köldum árum en nú er og ávinningurinn af ræktun skjólbelta kæmi ræktuninni á traustari grundvöll.

Til þess að koma hreyfingu á þetta nytjamál, þyrfti að koma löggjöf varðandi stuðning þjóðfélagsins til þeirra, sem rækta skjólbelti. Þessi stuðningur þyrfti aðallega að vera fólgin í styrk til girðinga og svo til plöntukaupa. Með því að styðja þá menn til átaka, sem vilja koma á aukinni ræktunarmenningu, verða auðsóttari þau verðmæti, sem liggja falin í íslenskri mold.

Skjólbeltarækt verður það framtíðarverk, sem stuðlar að öruggri jarðræktarframleiðslu, en slíks er þörf bæði frá fjárhagslegu og menningarlegu sjónarmiði.

Klemenž Kr. Kristjánsson.

Staðarval við gróðursetningu.

Eftir SIGURÐ BLÖNDAL.

INNGANGUR.

Þegar gefa á leiðbeiningar um staðarval við gróðursetningu, verður fyrst að minna á norðlæga hnattstöðu landsins. Veðráttu er þannig háttað hér á landi, að því hlýtur að verða skipað nyrst í barrskógabeltið, enda þótt hér vaxi ekki barrskógur sökum einangrunar landsins. Skilyrði til skógræktar eru því síðri hér en í nágrannalöndunum, að undanteknum norðurhéruðum Noregs. Fyrir því ber okkur að velja einungis til gróðursetningar þá staði, sem telja verður hagstæðasta fyrir trjágróður. En á Íslandi eru margir slíkir góðir staðir.

Segja má almennt, að skóglendi og kjarrlendi (með birki) sé að öðru jöfnu hæfast til að gróðursetja í erlendar trjátegundir. En auk þess eru mörg önnur atriði, sem athuga verður, þegar land er valið til gróðursetningar. Hér verður nú stuttlega getið hins helsta.

LANDSLAG.

Tré vaxa yfirleitt betur í brekkum en á flatlendi. Ástæðan til þess er sú, að í halla er jarðvatnið sífellt á hreyfingu. Þegar rigningarvatn síast gegnum jarðveginn, gengur það vel gegnum efsta lagið, sem er laust, en kemur því næst að lögum, sem verða þéttari eftir því sem neðar dregur. Fyrir því rennur vatnið niður brekkur í efstu jarðvegslögum, sem eru lausust. Hér er jarðvegurinn auðugri að súrefni en neðar. Þess vegna er jarðvatnið í halla súrefnisríkara en á flatlendi. Fyrir ummyndun jarðvegsins skiptir það mjög miklu máli, að

mikið súrefni sé í efstu lögunum, þar sem aðallega eru hinar lífrænu jurtaleifar. Hið súrefnisríka jarðvegsloft og jarðvatn er trjám og jurtum einnig nauðsyn vegna þess, að ræturnar þurfa að anda og til þess þarf súrefni. Því meira súrefni, þeim mun örari öndun og öflugri lífsstarfsemi trésins.

Annað mikilvægt atriði í sambandi við landslag er, að skjól sé gott fyrir þurrustu vindátt, sem um leið er sú kaldasta. Víðast hvar á landinu er heppilegt að velja land, sem hallar móti suðvestri.

Loks getur verið gott, ef aðstæður leyfa, að velja litlum trjálundum stað undir hömrum. Hvort tveggja er, að skjól er oft ágætt á slíkum stöðum og svo getur hiti orðið þar mikill, einkum ef hamarinn veit móti sólarátt. Dökkir móbergs- og basalhamrar taka við miklum hita á sólríkum degi og geisla honum frá sér til umhverfisins, einkum er kólna tekur undir kvöld.

GRÓÐURFAR OG JARÐVEGSGÆÐI.

Allur gróður er mismunandi þurftarmikill. Ótalmargt kemur hér til greina, en helstu atriðin eru þessi: Lofthiti, ljósmagn, frjósemi jarðvegs og jarðvegsraki.

Plönturnar skipa sér í gróðursamfélög eftir kröfum til umhverfisins. Álíka nægjusamar eða þurftarmiklar plöntur vaxa saman. Í skóglöndum eru trén ætíð áhrifaríkasti aðilinn í gróðursamfélögunum. Vissar trjátegundir, jurtir og mosar vaxa saman og fer það eftir jarðveginum, hvaða tegundir halda hópinn. Víða hafa gróðursamfélögin verið könnuð og þeim skipað niður í flokka. Slík flokkaskipan er undirstaða skógræktartækninnar. Skógræktarmaðurinn veit, að þar sem ákveðið gróðursamfélag ríkir, er best að rækta þá eða þær trjátegundir, sem heyra til þessu gróðursamfélagi.

Hér á landi virðast gróðursamfélögin ekki eins skýrt mörkuð og í flestum öðrum löndum. Orsakir þess eru tæpast kunnar. En af þessum sökum er ekki auðvelt að

segja skýrt fyrir, hvaða trjátegundir henti best hverjum stað. Einnig kemur til greina það atriði, að þar sem land er *ófriðað*, getur vantað ýmsar plöntur, sem annars myndu vaxa þar. Þetta er einkum áberandi um plöntur eins og *hrútaber*, *blágresi* og *hvönn*. Þær virðast hverfa mjög fljótt, ef beit er nokkur að ráði.

Hér verður ekki unnt að telja upp gróðursamfélög sem leiðarvísi um staðarval, af framangreindum ástæðum.

Hins vegar verða nú taldar upp nokkrar helstu plöntur er einkenna frjóan jarðveg í raklendi og þurrlendi og þurran, miður frjósaman jarðveg.

EINKENNISPLÖNTUR UM JARÐVEGSGÆÐI.

Frjór jarðvegur. Þar sem jarðvegur er frjósamur finnast einhverjar af eftirtöldum plöntum (nokkuð mismunandi eftir landshlutum og héraðum) :

Blágresi, brennisóley, þrílaufungur, hrútaber, jarðar-



Rauðgreniplanta í Haukadalshlíðum. Ættuð norðan af Hálogalandi í Noregi og gróðursett af Norðmönnum 1949. Í Haukadalshlíðunum er jarðvegur hinn besti fyrir rauðgreni, mikill ferskur raki í jörðu, enda er mjaðarjurt ein helsta blómplantan þar.

Ljósm.: Sig. Blöndal 1955.

ber, smjörgras, maríustakkur, sigurskúfur, brönugrös, umfeðmingur, mjaðarjurt, fjalldalafífill, geitla.

Þrjár hinar síðastnefndu vaxa aðeins í deigum jarðvegi, sem er einkar frjór með fersku jarðvatni (þ. e. súrefnisríkt rennandi jarðvatn). Slíkur jarðvegur er hinn allra ákjósanlegasti til gróðursetningar.

Sigurskúfur er öruggt einkenni um mikla salpétursmyndun í jarðvegi.

Þar sem ofantaldar plöntur vaxa, ber öllu fremur að gróðursetja *greni*. Grenitegundirnar, einkum *rauðgreni* og *sitkagreni*, eru mjög þurftarmikil tré, sem aðeins ætti að gróðursetja í frjósaman jarðveg. Þar vex einnig *íslenskt birki* best og verður beinvaxnast. Á það einnig við um flest önnur lauftré. Ekkert er því til fyrirstöðu að gróðursetja bæði *lerki* og *furu* í þennan jarðveg, en æskilegra er að ætla þeim staði í þurrari og ófrjóari jarðvegi, þar sem grenið þrífst illa.

Móajarðvegur. Í móunum vex gróður, sem þarf lítinn jarðraka. enda eru móarnir venjulega hallalitlir og oft mjög djúpt þar á yfirborð jarðvatnsins. Þar eru helstu einkennisplöntur þessar: Þursaskegg, gulmarðra, gullmura, krækilyng, beitleyng. Hér verður að leggja megináherslu á að gróðursetja *íslenskt birki*. Það veitir skjól öðrum viðkvæmari tegundum, sem kunna að verða gróðursettar nokkurn veginn samtímis eða síðar. Einnig bætir það jarðveginn smátt og smátt með fölnuðu lafi og starfsemi róta. Áhrif rótanna á jarðveginn verða mest, þegar þær taka að fúna. Þá bætast jarðveginum með tímanum lífræn efni, en jafnframt rotnun rótanna myndast göng í jarðveginn. Þá eykst súrefnisinnihald hans, en um þýðingu þess er getið að framan.

Þótt hér sé ráðlagt að leggja megináherslu á gróðursetningu birkis í móajarðvegi, er það ekki hugsað þar sem framtíðartré, því að vöxtur þess verður þar tæpast mikill, né heldur verður það beinvaxið. Hlutverk þess er



1. *Legt subgruppas i Mellanmedelhavets: Föreläsningar om Mellanmedelhavets historia, geografi och klimat. Föreläsningar om Mellanmedelhavets ekonomi, politik och kultur. Föreläsningar om Mellanmedelhavets miljö och natur.*

 $1.66 \pm .35$ MW (2.1575)

öllu fremur að plægja jarðveginn fyrir barrtrén, sem þar verða gróðursett í framtíðinni.

Sú reynsla, sem nú er fyrir hendi, bendir til, að *lerki* og *fura* séu þau barrtré, sem gróðursetja megir í móajarðveg. Nokkrar furutegundir gætu komið til greina, en að svo stöddu er varla hægt að mæla með nokkrum einstökum umfram aðrar.

Mýri. Í blauta mýri þýðir ekki að gróðursetja tré, því að þar er *kyrrstætt* jarðvatn, alveg upp undir yfirborðið. Vatnið útilokar þá súrefni frá jarðveginum, en súrefni, er nauðsynlegt flestum þeim bakteríum, sem vinna að rotnun hinna lífrænu efna þar og einnig fyrir öndun trjárótanna, svo sem fyrr var sagt.

Við framræslu á mýri lækkar yfirborð jarðvatnsins (allt eftir dýpt skurðanna). Við það nær súrefnið að komast í jarðveginn og ummyndun hans getur hafist.

Allt að 10 árum eftir góða framræslu er mýrarjarðvegur orðinn hinn ákjósanlegasti til gróðursetningar. Ýmsar *víðitegundir* (*gulvíðir*, *þingvíðir* o. fl.) eru þá einkar hentugar í *skjólbelti* á slíkum stöðum. Ennfremur er jarðvegur þar orðinn þrýðilegur fyrir *birki* og sennilega grenitegundir (sitkagreni, rauðgreni, svartgreni o. fl.).

TEGUNDAVAL Í EINSTÖKUM LANDSHLUTUM.

Þótt Ísland sé ekki víðáttumikið að flatarmáli, er veðráttu í einstökum landshlutum ótrúlega ólíkt háttað. Þetta atriði þarf að hafa ríkt í huga þegar velja á trjátegundir fyrir einstaka landshluta. Á Suður- og Suðvesturlandi er úrkoma miklu meiri en á Norður- og Austurlandi. Þá er og verulegur munur á veðurfari úti við strendur og inn til dala. Í innsveitunum norðan- og austanlands er úrkoma víða ótrúlega lítil og veðráttu talsvert minni sveiflum háð en við strendurnar.

Enn er mjög ábótavant vitneskju okkar um, hvar á landinu skuli einkum velja stað hinum ýmsu trjátegundum. Að því er varðar *sitkagreni* og *síberíulerki* má samt

hagnýta sér langa reynslu í Vestur-Evrópu og á Norðurlöndum. Vöxtur og þrif beggja þessarra tegunda virðast mjög greinilega háð því, hvernig úrkomu er háttað.

Í heimkynnum *sitkagrenisins* er úrkoma mjög mikil. Það vex yfirleitt ekki lengra en 100 km frá sjó, en útbreiðslusvæði þess frá norðri til suðurs er um 4000 km, eins og margoft hefur verið skýrt frá hér í ritinu.

Fyrir því er ráðlegast að gróðursetja sitkagreni hér á Suðaustur-, Suður- og Suðvesturlandi.

Síberíulerkíð er hins vegar meginlandstré.

Hér á landi er fengin ágæt reynsla með þessa tegund í dölunum austanlands. Þess vegna ber að leggja megináherslu á gróðursetningu *síberíulerkis* í innsveitum austanlands og norðan. Hugsanlegt er einnig, að tegundin geti reynst vel í uppsveitum Borgarfjarðar vestra, en úr því hlýtur reynslan að skera.

Flestar annarra algengustu trjategunda má líkast til gróðursetja með góðum árangri í öllum landshlutum. Í þann flokk koma: *skógarfura*, *rauðgreni*, *hvítgreni* o. fl. Þá verður aðeins að gæta þess að nota strandstaðbrigðin í útsveitum, en dala- og meginlandsstaðbrigðin í innsveitum. Verður þá hlutverk yfirmanna græðireitanna að haga afgreiðslu plantna í samræmi við það.

STAÐARVAL OG HEILBRIGÐI TRJÁGRÓÐURS.

Þrif og heilbrigði trjáanna eru mest undir því komin, að trén vaxi í þeim jarðvegi og við þau loftslagsskilyrði, sem þeim eru eiginleg, þegar þau fara að vaxa úr grasi.

Hér varða nú nefnd dæmi, sem sýna hvernig getur farið, þegar út af þessu bregður.

Síberíulerkí var fyrr á árum gróðursett mikið um vestanverða Evrópu. Í ljós kom, þar sem það var gróðursett nærri sjó, að svonefnd *lerkiáta* leitaði á trén og eyðilagði þau oftast. Hættulegasti aldur gagnvart átunni er frá 10 til 35 ára aldurs, og étur hún sár á greinar og bol, svo að trén fá afskræmdan vöxt eða deyja. Fyrir því er

síberíulerki nú ekki lengur gróðursett við strendur í Vestur-Evrópu, en hins vegar með ágætum árangri inni í landi, þar sem veðráttta er stöðug. Ef tegundin hefur ekki sýnt nein merki sjúkdómsins við 35 ára aldur, telst varla hætta af honum úr því. Átunnar hefur t. d. ekki orðið vart á Hallormsstað og fyrir því má lerkiræktunin þar teljast nokkuð örugg. Reynslan mun svo skera úr um, hvort tekst að sleppa við sjúkdóminn hér sunnanlands og vestan. Meðan það er ekki öruggt, telst óráðlegt að gróðursetja *síberíulerki* sem nokkru nemur í þessum landshlutum.

Hliðstætt dæmi má nefna um *sitkagreni*, sem gróðursett hefur verið í Danmörku og sunnar í Vestur-Evrópu á stöðum, þar sem úrkoma er lítil. Þar gerir barkarbjalla ein geysilegan usla í sitkagreninu, þegar trén nálgast 50 ára aldur, enda þótt vöxturinn hefði verið með ágætum fram að þeim aldri.

Nefna mætti ótal dæmi svipuð þessu um sveppsjúkdóma og skordýraplágur. En þessi tvö skulu látin nægja hér.

Þá má ekki gleyma því, að trjátegundirnar standast veður og storma afar misjafnlega. Fyrir því þarf að velja sumum tegundum betra skjól en öðrum.

Rauðgrenið er sú barrtrjátegund, sem einna síst stenst langvarandi vind og snögga storma. Þess vegna er nauðsynlegt að velja þessari tegund staði í sem bestu skjóli.

Síberíulerkið virðist einnig viðkvæmt fyrir sterkum vindi. Því hættir við að missa toppsprotann, en við það kræklast stofninn. Þá leggst bolurinn yfirleitt undan vindi meðan hann er ungur og sveigjanlegur og verður skakkur.

Fyrir því er æskilegt að velja skjólgóða staði fyrir þessa tegund.

Í skógræktarstarfinu hér á Íslandi, þar sem næstum allar trjátegundir eru af erlendum uppruna, hlýtur heppilegt staðarval fyrir plönturnar að vera eitt höfuðatriði fyrir góðum farnaði á ókomnum árum.

Sig. Blöndal.

Girðingar.

Eftir EINAR G. E. SÆMUNDSEN.

INNGANGUR.

Frá því á landnámsöld hafa verið gerðar girðingar í einhverri mynd hér á landi. Þær voru lengst af hlaðnar úr grjóti, torfi og grjóti eða torfi eingöngu og varslan miðuð ýmist við að halda búsmala frá ræktuðu landi eða til að geyma hann um lengri eða skemmri tíma á vísun stað. Þá voru og gerðir löggarðar um hey.

Hið forna spakmæli „garður er granna sættir“ skýrir greinilega viðhorf forfeðra okkar um gagnsemi girðinga og lýsir nauðsyn þess, að hver búandi eigi land sitt afgirt. Í elstu lögbókum okkar er svo kveðið á, að landeigendur skuli girða tún sín, akra og engi, enda varðaði þá allur ágangur búfjár á þessi lönd við lög.

Hinar fornu girðingar voru margar hverjar hin mestu mannvirki. Fullyrða má, að þær hafi verið mestar á fyrstu öldum Íslandsbyggðar, en dregist mjög saman er fram liðu aldir. Fer um þær sem aðra verkmennt á hnignunartíma þjóðarinnar.

Þrátt fyrir margvíslegar tilskipanir og hvatningu stjórnarvalda síðustu tvær aldirnar, miðaði endurreisn girðinga sáralítið áfram. Það er ekki fyrr en gaddavírinn flyst til landsins um síðustu aldamót, að ný girðingaöld rennur upp. Síðan hefur gaddavírinn verið snar þáttur í girðingum landsmanna í bókstaflegum skilningi.

Fyrstu árin notuðu bændur gaddavírinn mjög til þess að tryggja gamla túngarða, með því að bæta einum eða

tveimur strengjum ofan á þá. Voru þá reknir stuttir hælur í garðinn, sem báru strengina uppi. Og um langt skeið, meðan enn var nóg vinnuafli í sveitum landsins, voru hlaðnir nýir garðar úr sniddu og grjóti og á þá bætt gaddavír. Strengirnir voru oftast tveir og með garðhleðslunni var unnt að spara efniskaup til muna, en fá þó alltrygga vörslu.

Árið 1905 voru sett sérstök girðingalög á Alþingi og bændum veitt lán til kaupa á efni í girðingar.

Brátt var farið að girða eingöngu úr gaddavír og hlaðnir garðar teljast nú til fornra mannvirkja. Til hinna nýju girðinga varð að flytja inn stólpa, nema í skógarhéruð landsins, og þar sem auðvelt var til fanga með rekavið. Tréstaurnir entust oftast aðeins örfá ár, því sjaldnast var nokkuð gert til þess að verja þá fúa. Hornstólpar og hlið voru gerð af vanefnum og vankunnáttu og var þá ekki að sökum að spyrja, hver yrði ending á þessum fyrstu girðingum. Þær grotnuðu niður á fáum árum, eða þurftu endurnýjunar við á hverju vori. En þótt ótrúlegt sé, hafa litlar framfarir orðið á þessu sviði allt fram á síðustu ár. Má fullyrða, að ennþá ríki slíkt ófremdarástand í þessu, að alls ekki sé sæmandi verkmenningu þjóðarinnar. Árlega er varið stórfé til nýrra girðinga og mikil verðmæti fara forgörðum í gömlum girðingum, sem ekki hafa verið nógu vel gerðar í upphafi. Það er því mál til komið að skyggst sé um og leitað ráða til að bæta úr á þessu sviði.

Um hálfrar aldar skeið hafa verið gerðar skógræktargirðingar víðsvegar um land, fyrstu áratugina nær eingöngu á vegum Skógræktar ríkisins, en nú hin síðari ár einnig á vegum skógræktarféлага og einstaklinga.

Til þessara girðinga hefur yfirleitt verið vandað, bæði í efni og vinnu, eftir því sem ástæður hafa leyft á ýmsum tímum. Þó er fjarri því, að tekist hafi alls staðar að gera þær svo úr garði, að til frambúðar sé.

Segja má, að helstu mistökin við uppsetningu og gerð

allra girðinga verði sökum þess, að ábótavant hefur verið um eftirfarandi atriði:

1. Val á girðingarstæði.
2. Frágang á horn-, hlið- og aflstólpum.
3. Efnisval.

Á þessu öllu er auðvelt að ráða bót með nokkurri verkhyggni og kunnáttu.

Auk þessa skal minnst á eitt atriði enn, sem mjög er áríðandi, að vel sé gætt, en það er að láta aldrei dragast að gera við bilanir jafnóðum og þeirra verður vart og endurbæta það, sem skemmst hefur.

Sé farið að þessum ráðum, er áreiðanlegt, að girðingar munu endast áratugum lengur en nú tíðkast.

Skógræktarfélag landsins verja árlega stórum fjárhæðum til girðinga. Þessar girðingar verða að vera öruggar gegn ágangi búfjár allan ársins hring. Þess vegna ber að vanda til efnis og frágangs þeirra, svo sem frekast er kostur. Enda er það víttaverð soun á verðmætum að tildra upp girðingum, sem svo eru illa gerðar, að þær endast ekki áratuginn án gagngerðra endurbóta.

Allt ber því að sama brunni í þessu efni. Því betur sem vandað er til girðingar í upphafi, þeim mun öruggari er varslan og minni viðgerðarkostnaður um langt árabil, og þó framar öllu margföld ending. Það færi vel á því, að skógræktarfélagin um land allt yrðu öðrum til fyrirmyndar á þessu sviði.

Leiðbeiningar þær um girðingar sem hér fara á eftir, eru gerðar að ósk aðalfundar Skógræktarfélags Íslands 1953.

GIRÐINGARSTÆÐI VALIÐ.

Fyrsta verk við girðingu er að velja stæðið. Kemur þá margt til athugunar, t. d. snjóalög, skriðuhætta, jarðföll, gjár, flóðahætta úr ám, vötnum og sjó, uppblástur, hætta á sveibólstrum að vetri til og ótal margt annað, sem gjalda

verður var huga við og reyna að sneiða hjá. Einkum verður að hafa snjóalögin í huga, enda valda þau meiri spjöllum á girðingum en flest annað. Sá sem er kunnugur staðhátum, getur oftast valið öruggt girðingarstæði, jafnvel þó í snjóþungum sveitum sé.

Þess skal gætt vandlega að velja girðingarstæðið eftir rimum, ásum eða hávöðum, en forðast að fara eftir lögðum eða fram af bröttum stöllum. Ætíð skyldi girt upp og ofan brekku, en aldrei þvert á hallann í brekku eða fjallshlíð, nema eftir greinilegum stalli, og verður þá að fara sem tæpast á honum, þar sem snjó rífur helst af.

Girðing, sem lögð er á snjóþungu landi og mishæðóttu, á því jafnan að hafa stutt höf og mörg horn. Er slíkt jafn sjálfsagt og hitt að hafa sem lengstar beinar línur og fæst horn á sléttlendi.

Allan undirbúning og val girðingarstæðis ber að vanda svo sem frekast er unnt. Skal „stinga út“ allar línur með stikum og mæla vegalengdir, til þess að auðvelt sé að ákveða, hve mikið efni skal flutt á hvern stað og með því spara allan óþarfa burð.

Algengt er að sjá landamerkjagirðingar lagðar nákvæmlega eftir merkjum og ekkert skeytt um, þótt girðingarstæðið á þeim sé með öllu óhæft. Þegar skógræktargirðing er lögð á landamerkjum verður besta girðingarstæðið að ráða legu hennar. Verður þá stundum að hafa spildu af eigin landi utan girðingar, ef með því fæst öruggt girðingarstæði.

Þar sem girt er að ám eða vötnum og þau látin verja að einhverju leyti, verður að gæta þess, að girðingin nái út fyrir lægsta vatnsborð. Sá hluti girðingarinnar, sem nær frá hæsta flóðborði (þar með talinn jakaburður), skal aðeins laustengdur við aðalgirðinguna, því honum er hætt í vorleysingum og stórflóðum. Þessi laustengdi kafli skal ávallt girtur þannig, ef staðhættir leyfa, að hann myndi horn út frá aðalgirðingunni og gangi út í ána eða vatnið 30-40 metrum utar heldur en beina línán myndi gera.


Þetta dregur mjög úr þeirri hættu að skepnur leiti fram fyrir girðingarendann. (Sjá mynd 1).

Þegar girðingarstæðið hefur verið valið og merkt, er allt efni flutt á línuna.

HORN OG AFLSTÓLPAR.

Þá er gengið frá hornstólpum, hliðarstólpum og aflstólpum á lengri höfum.


Hornstólpar geta verið af ýmsum gerðum og fer eftir



aðstæðum, fjárhagsgetu o. fl., hver gerðin er valin. Örugg aðferð og ódýr er að steypa niður járnstólpa og festa með tveimur stögum. Góður hornstólpi fæst t. d. úr tveimur T-stólpum, sem eru þannig soðnir saman, að burðarmagn stólpans verði sem mest.

Fyrir hornstólpanum er síðan grafin hola um 1.30 m að dýpt, eða niður á fastan grunn. Holan er 50 × 50 cm víð og ef um moldar- eða mýrarjarðveg er að ræða, er gott að holan sé heldur víðari í botninn. Í botn holunnar er síðan rennt sterkri steinsteypu (hlutföll 1 hluti sement, 2 hlutar sandur, 3 hlutar möl). Steypuna má drýgja mjög með hreinu grjóti. Þegar holan hefur verið hálfyllt af steypu, er hornstólpanum komið fyrir í henni og hún fyllt

upp á barma. Nauðsyn er, að stólpinn sé lóðréttur og standi þar, sem línurnar skerast. Hæfilegt er að 1.30 m standi upp úr steypunni af járnstólpanum. Þegar steypan er orðin hörð, er komið fyrir stögum á stólpanum. Þau eru höfð tvö til þess að taka á móti því átaki, sem lagt er á stólp-




Mynd 2.

ann af hvorri línu fyrir sig. Strenging á annarri línunni er því alveg óháð hinum. Sjá mynd: Stagið a tekur á móti strengingu á línu A, en stagið b á móti línu B. Stefnu staganna er vikið ofurlítið út úr stefnu línunnar, sem strengja á (15-30 cm eftir gleidd hornsins). Þegar gengið er frá stögum á þennan hátt, er hvort haf út af fyrir sig sjálfstæður kafli, þannig að verði annar kaflinn fyrir skemmdum, t. d. snjósligi, snjóflóði eða skriðufalli, slaknar ekki á girðingunni nema að horninu.

Fyrir stögum er grafið í 1.30 m á dýpt, þ. e. niður fyrir klaka eða niður á fastan grunn. Holan er höfð rúmgóð, svo að unnt sé að nota allstóran stein í stagið. Brugðið er tvíþættum sigvír (nr. 9) um toppinn á hornstólp-

anum og hann síðan lagður í miðja holuna. Ofan á hann er lagður þungur steinn og vírnum hagrætt um hann miðjan. Lausa endanum er síðan tvíbrugðið um toppinn á hornstólpanum yfir fyrri vafninginn og snúið snyrtilega utan um stagvírinn. Ofan á stagsteininn er hlaðið grjóti upp undir barma, en þá er jafnað mold yfir holuna og síðan



Mynd 3. Langskurður af horni (öðrum armi). Hornstólpi úr járni, steypdur í holu. Myndin sýnir einnig réttan frágang á stagi.

þakið yfir með hnausum. Stagið er strengt með því að snúa upp á vírinn. Er það fyrst gert með höndunum, þannig að vafningarnir nái sem allra lengst út til beggja handa, en síðan er brugðið í naglbítssköftum og snúið upp á, þar til stagið tekur vel í stólpann.

Sé gengið frá hornstólpum á þennan hátt, hefur reynslan sýnt, að hornin standa óhögguguð svo áratugum skiptir. Í stað járnstólpa má og nota búta af símastaurum, gilda rekaviðardrumba eða aðra stórviðu. Slíkir staurar eru oft hnallaðir fastir („púkkaðir“) með grjóti, en ekki steypfir fastir. Stög skulu gerð á sama hátt og fyrr er sagt.

Á þessari gerð hornstólpa er sá galli, að stögin ganga út úr girðingunni og geta valdið truflun á umferð manna og

dýra. Við alfaravegi og í þéttbýli verður því að grípa til vandaðri og dýrari umbúnaðar.

Bestu og vönduðustu hornstólpar fást með því að steypa þá. Eru þá grafnar rásir frá horninu eftir stefnu línanna. Breidd rásanna er höfð 30-40 cm, en lengdin frá horni 1,50 m til 2 m. Dýptin er 1,30 m eða niður á fastan grunn. Í rásirnar er rennt sterkri steypu, sem drýgja má mjög með hreinu grjóti. Í undirstöðunni er síðan komið fyrir steypustyrktarjárni og fer það eftir lagi hornstólpans og átakspunga, hvernig gengið er frá því. Ofan jarðar er slegið upp mótum og má hafa þau með ýmsu lagi, t. d. granna súlu (30×30 cm) upp af horninu, eða sniðskorna vegg frá slíkri súlu fram í sökkultærnar eða þá heila vegg beint upp af undirstöðunum. Nauðsyn er að járnbinda steypuna vel og því betur sem súlan eða veggirnir eru grennri.

Ef hafið, sem strengja skal, er 100 m eða lengra, er óráðlegt að strengja í steyp horn. Er þá steypdur sérstakur aflstólpi 5-10 metra

frá horninu og gengið frá stagi á honum eins og á hornstólpa. Á þessum aflstólpa hvílir þá allur þunginn af strengingunni, því milli hans og hornsins er strengt með handafli. Sé undirstaða hornsins öflug, er stagið úr toppi aflstólpans tengt í hana. Það er með öllu gagnslaust að strengja í hornstólpa sem ekki eru með sérstökum sökkulspyrnum, þeir standast ekki átak girðingarinnar til lengdar, þótt um stutt haf sé að ræða.

Þegar meira en 200 metrar eru á milli horna, verður að koma fyrir aflstólpa á milli þeirra, þótt á sléttlendi sé. Sé landið mishæðótt verður




Mynd 4. Steypdur hornstólpi með sökkulspyrnum.

að hafa aflstólpa þéttari. Ræður landslag, hvar þeim er valinn staður, en þeir skulu ávallt standa þar, sem hæst ber, og frá þeim gengið á sama hátt og hornstólpum, en sökkullinn má þó jafnan vera grennri. Aflstólpar eru af sömu gerð og efni og hornstólpar. Á þá er sett stag á móti strengingu en betra er að hafa þau tvö, til beggja handa og fella þau inn í línuna.

HLIÐ.

Lélegur frágangur á hliðstólpum hefur eyðilagt margar girðingar, sem að öðru leyti voru vel gerðar. Hliðstólpar hafa verið gerðir með ýmsu móti en oftast af vanefnum. Örugast er að steypa hliðstöplana, og er best að gera það um leið og gengið er frá horn- og aflstólpum.

Hlið, sem ætlað er fyrir bifreiðaumferð, má ekki vera undir 3,25 m að innanmáli. Hæfilegir stöplar eru 30×30 cm í þvermál og 1,30 m að hæð yfir jörð. Milli stöplanna er steypdur sökkull upp undir yfirborð vegar. Fyrir undirstöðunni er grafin rás 4 m að lengd, 1,30 m að dýpt og 30-40 cm að breidd nema undir stöplunum, 50-60 cm. Í rásina er rennt sterkri steinsteypu og lagt í hana styrkt-



Mynd 5. Steypt hlið með járnrind. Brotnu línurnar sýna járnabindingar og rör fyrir stafla- og læsingajárn.

arjárn. Lárétt er lögð járnagrind úr fjórum 10 mm stöngum og við hana eru tengdar lóðrétt járnasúlur í hvorn stöpul. Þær eru einnig gerðar úr 10 mm steypujárni. Er hafður einn teinn lóðréttur í hverju horni og þeir bundnir saman með 4 gjörðum láréttum. Slegið er upp mótum fyrir stöplunum. Í hvort mót eru settir tveir rörbútar láréttir, þvert í gegnum stöpulinn. Í annan stöpulinn fyrir staflaajárn hliðgrindar, en í hinn fyrir læsingarjárn. Í mótin er einnig komið fyrir festingarjárnnum, fjórum í hvorn stöpul. Þau eru úr steypujárni og ganga út úr hliðstöplunum. Í þau er smeygt járnstöng, sem girðingarþræðirnir eru síðan festir í.

Hliðgrindin á að vera í einu lagi og er auðvelt að smíða hana úr léttum rörum. Ofan á stöflum ætti að hafa smurningsstúta þannig, að hægt sé að smyrja staflaásana með venjulegri handdælu.

Læsingarjárn geta verið með ýmsu móti. T. d. felliloka, sem fest er í stöpulinn og fellur utan um grindina í sérstök grip. Best er að hafa læsingu efst og neðst á grindinni.

Í hliðstöpla skyldi aldrei strengja beint, ef strengingarhaf er yfir 100 m að lengd, heldur steypa niður sérstaka aflstólpa 5-10 m frá hliðstöplum, á sama hátt og áður er lýst við hornstólpana. Stagið úr þeim skal tengja í sökkulinn á hliðstöplunum.

Oft er óþarfi að setja nokkurt hlið á hinar smærri skógræktargirðingar. Þess í stað er hægt að hafa léttan stiga yfir girðinguna, fyrir gangandi fólk.

Með hinni sívaxandi bifreiðaumferð seinni ára, hefur sá háttur verið tekinn upp á þjóðvegum að koma fyrir vegggrindum í stað hliðgrinda. Kostur þeirra er auðsær, því vegfarandi á ökutæki þarf þá ekki að tefja sig á því að opna eða loka hliðgrindum og getur því ekið viðstöðulaust í gegnum hliðin. Smíði vegggrinda verður vel að vanda, því á þeim hvílir þrotlaus umferð vegarins, og þær geta reynst lífshættulegar ef þær bila.

Undir vegggrind skal grafin gryfja þvert í gegnum



Mynd 6. Myndin sýnir aflstólpa sem strengt er í við hlið. Stagið úr honum er tengt í hliðsökkulinn. Ennfremur sjást festingarjárn á hliðstöpli.

vegin og í hana steipt ferhyrnd þró með gólfi, öflugum veggjum, járnbentum, og þéttum bitum eftir vegarstefnu. Breidd þróar skal vera a. m. k. 3,50 m, en lengd eftir vegi 2,50 m. Dýptin er hæfileg 75 cm og gera verður frárennsli úr henni. Sjálf grindin er jafnan gerð úr gildum rörum (5,5 cm í þvermál), sem leika laus í járnskorðum á veggjabrúnum og þverbitum. Millibil röra er 6 cm. Samhliða vegggrindinni verður að setja upp venjulegt hlið fyrir umferð búfænaðar.

BURÐARSTAURAR SETTIR.

Þegar gengið hefur verið frá horn- og aflstólpum, eru burðarstaurar settir. Járnstólpar eru reknir niður með sleggju og tréstaumar einnig í moldarjarðvegi og mýrlendi. En í þéttari jarðvegi verður að grafa fyrir þeim eða gera holu með járnkarli. Áður en tréstaumar eru reknir, verður að ydda þá og hafa skal varhög milli sleggju

og staur, svo að hann klofni ekki eða úr honum flísist. Ávalt skal gildari endi staurisins ganga ofan í jörðina.

Staurarnir eiga að bera hver í annan og skal lína þeirra milli horna vera þráðbein og lóðrétt. Er betra að miða (sikta) línuna heldur en að reka stólpana niður eftir snúru eða gaddavírsstreng. Það er veigamikil atriði, að hver lína sé þráðbein milli horna, ekki aðeins sakir útlits, heldur og vegna þess, að þannig stendur girðingin betur af sér öll áföll.

Milli burðarstaura er að meðaltali haft 10 m. Á sléttlendi er unnt að mæla þetta bil nákvæmlega, en á ósléttu landi gegnir öðru máli. Meðaltal milli bila getur að vísu verið hið sama, en þess skal umfram allt gætt að reka stólpana niður á hæstu stöðum. Þar sem sýnilegt er, að taka verði sig á girðingu, t. d. í laut eða undan stalli, má vera ívið lengra í milli staura, því sigið styrkir girðinguna og kemur að nokkuru leyti í stað staur. Þar sem mjög er snjóþungt, verða burðarstaurar að vera þéttari en ella.



Mynd 7. Myndin sýnir rétta afstöðu síga við burðarstaura.

Sé girt niður brattar brekkur eða fram af stöllum, þar sem hætta er á að skafli leggi, er betra að nota tréstaura en járnstólpa. Járnstólparnir vilja rekast niður í jarðveginn undan snjóþunganum, einkum ef fönn kemur á þíða jörð að haustinu.

Járnstólpar eru töluvert dýrari en tréstaurar. Til þess að draga úr efniskostnaði má nota tréstaura og járnstólpa sitt á hvað. Með því móti verður girðingin einnig stöðugri heldur en af járnstólpum eingöngu.

Steinsteyptir stólpar eru sterkir og endingargóðir, en galli er, hve þungir þeir eru í flutningum. Yfirleitt hafa þeir verið gerðir alltof efnismiklir ofanjarðar, en þá fylgir þeim sú hættu, að þeir sligi girðingar ef þeir fara nokkuð út úr lóðréttri stöðu. En til eru þó gerðir af steinstólum með réttum hlutföllum.

STRENGING.

Skógræktargirðingar eru annaðhvort girtar með gaddavír eingöngu, og eru þá strengirnir sjö talsins, eða með neti og tveimur eða þremur strengjum gaddavírs.

Hefur hvort tveggja reynst vel, hafi verið vandað til uppsetningar og frágangs. Ending netgirðinga er öllu meiri en gaddavírgirðinga, og viðgerðir á þeim minni.

Net það, sem mest hefur verið notað í skógræktargirðingar, er 70 cm á hæð. Hærri net hafa reynst miður, t. d. er þeim hættara við að leggjast saman í snjóum.

Með 70 cm háu neti eru ýmist notaðir tveir eða þrír gaddavírsstrengir. Ef strengirnir eru tveir, eru þeir hafðir annaðhvort báðir yfir netinu eða annar undir og hinn yfir. Fer þetta eftir staðháttum. Á sléttum söndum er t. d. betra að hafa annan strenginn undir, en í kjarlendi og lyngmóum, þar sem gróður vex fljótt yfir neðsta strenginn, er betra að hafa báða gaddavírsstrengina yfir netinu. Með því móti verður girðingin hærri. Þegar gaddavírsstrengirnir eru þrír, skal ávalt einn þeirra hafður undir netinu.

Þegar steypa í horn- og aflstólum er orðin nógu hörð (a. m. k. vikugömul), hefst strenging vírsins. Fyrst er efnið rakið á línuna utan við staurana. Í brattlendi er rakið af vírkeflum og netum ofan í móti. Þegar girt er úr gaddavír eingöngu, er hver strengur rakinn við hlið hins næsta og byrjað á neðsta streng, næst staurunum. Á þýfðu landi er varla kostur á öðru en að handrekja efnið, en á sléttlendi er ágætt að nota til þess bifreið eða dráttarvél. Er á þann hátt hægt að rekja úr 3-4 keflum

gaddavírs samtímis. Auðvelt er að smíða útbúnað til þess og festa hann, t. d. aftan á palli vörubifreiðar. Á sama hátt er hægt að rekja net.

Í gaddavírsgirðingu er hver strengur strengdur út af fyrir sig, og er byrjað á neðsta streng. Á sléttlendi er unnt að strengja gaddavír á allt að 400 m hafi, en á mishæðóttu landi er strengt stutt í einu. Fer slíkt þó eftir því, hve bungur og hryggir eru háir, sem hæst ber á milli strengingarstólpa. Eins og fyrr greinir er ávalt reynt að koma horn- og aflstólpum fyrir á hæstu stöðum á girðingarstæðinu og hafi það tekist vel, er unnt að strengja þar eins langt og á sléttlendi. Við strengingu á gaddavír er þess gætt að strengirnir séu strengdir sem allra jafnast.


Á ósléttu landi má ekki fullstrengja vírinn vegna siga. Hin gildari gerð af gaddavír (nr. 12 1/2) er mjög sjaldan ofstrengd, en það er aftur á móti algengt um þá grennri (nr. 14). Ávalt skyldi strengt undan brekku í brattlendi, sé þess nokkur kostur. Algengustu tækin við strengingu gaddavírs eru talía með tvískornum blökkum og vírklemma. Þessi verkfæri eiga að vera eins létt og hægt er.

Við strengingu á greiðfæru landi, eru tveir menn venjulega við átakið og aðrir tveir úti á línu með jöfnu millibili til þess að segja fyrir um strenginguna og að hagræða vírnum yfir nibbur og brúnir. Vegna slysaþattu skal varast að taka á gaddavírnum með höndunum, meðan á strengingu stendur, heldur láta strenginn leika í lokuðu auga á naglbít, ef lyfta þarf strengnum upp yfir ójöfnur eða kanna, hve strengdur hann sé orðinn.

Oft er auðvelt að nota vélarafl við strengingu í stað mannafls, t. d. dráttarvél eða spil, sem tengt er við jeppa eða annað farartæki. En gæta verður þess vel að ofteygja þá ekki vírinn. Á styttri höfum er hægt að nota litla vogarstöng með vírklemmu, þegar strengdur er gaddavír.

Vírnet er ekki hægt að strengja í einu öllu meira en 200 metra, þótt á greiðfæru landi sé. Best er að nota (sér-

staka) strengingargrind úr járni, sem þannig er gerð, að sérstök vírklemma tekur um hvern langþátt netsins, til þess að strengingin verði jöfn á þeim. Á lengri höfum þarf mikið átak til þess að ná góðri strengingu á netið, og hæfa krafttaliur með keðjudrifi vel til þess. Þær eru mjög átaksmiklar, en heldur þungar, og taka verður af mesta slakann, áður en strenging hefst með þeim, vegna þess hve strengilengd þeirra er takmörkuð.



Mynd 8. Strengingargrind fyrir net og krafttaliá með keðjudrifi.


Í stað strengingargrindar úr járni, sem er all dýrt áhald, má notast við einfaldari festingu á netinu. T. d. má nota járnkarl. Er hver langþáttur netsins beygður utan um járnkarlinn. Síðan eru beygjurnar bundnar um hann með tvöföldum bindivír og taliunni krækt í járnkarlinn miðjan. Einnig er hægt að nota tvo flata planka, sem eru boltaðir saman utan um netið og talían fest á þá.

Við hornstólpa er gaddavír og net jafnan klippt í sundur, og bundið á þá, en við aflstólpa á styttri höfum er þess ekki þörf. Að lokinni strengingu er vír og net bundið á aflstólpann með sérstöku bragði, þannig að þættirnir geti ekki dregist til.

SIG.

Að strengingu lokinni er gengið frá sigum. Er byrjað

á hinum stærstu, en þó reynt að taka þau öll í sömu yfirferð. Stærri sigin eru grafin niður á fast, eða svo djúpt, að frost geti ekki lyft upp sigsteininum. Holan, sem grafin er, skal vera hæfilega rúm fyrir sigsteininn. Þá er látinn sigvír ofan í hana þvera og sigsteinninn á hann lagður. Best er að sigsteinninn sé aflangur, þannig að auðvelt sé að festa vírin utan um hann. Ef steinninn er hnöttóttur, verður að krossbinda um hann. Vírin er snúinn þétt að steininum og spotti klipptur af rúllunni, sem nemur rúmlega hæð girðingar, eins og henni er ætlað




Mynd 9. Sig og undirhleðsla í laut.

að verða. Vírnum er nú brugðið með mjúku bragði um neðsta strenginn og síðan þann næsta og svo koll af kolli, þar til komið er á efsta strenginn, um hann er tvíbrugðið, en endinn síðan snúinn utan um sigvírinn niður að næsta þætti. Gæta verður þess að hafa öll millibil strengja rétt, þegar sigvírnum er brugðið um þá. Ofan á sigstrenginn er bætt grjóti ef þurfa þykir, en síðan er moldinni mokað ofan í og þakið yfir með hnausum, svo fljótt grói. Varast skal að taka girðingu of mikið niður með sigum, þótt slíkt sé oft freistandi til þess að spara undirhleðslu. Í kröppum lautum verður að gera sérstaka undirgirðingu út tveim eða þrem strengjum, eða þá hafa undirhleðsluna hærri. Sé girðingin þvinguð um of niður, er hætta á, að hún fari á kaf í snjóum og verði því lítil vörn í henni að vetrarlagi.

BUNDIÐ UPP Á STAURA.

Þegar lokið er við aðalsigin, eru strengirnir eða netið bundið upp á staurana. Stundum þarf að binda upp á staurana jafnóðum og sigin eru gerð. Á járnstólpa er bundið með bindivír. Er gerður krókur á vírenda og honum brugðið í gat á stólpanum, Endar króksins eru síðan snúnir saman utan um strenginn, sem binda skal. Er nauðsynlegt, að snúið sé jafnt upp á báða enda og þétt að stólpanum. Snúist aðeins upp á annan endann, hrekkur vírinn í sundur fyrr eða síðar.



*Mynd 10. Gaddavírs-
strengur bundinn upp
á járnstólpa.*

Á tréstauro er gaddavír og net fest með lykkjum. Hæð skógræktargirðinga er ákveðin í lögum um skógrækt og skal vera minnst 1,05 m á hæð. Hæfilegt millibil strengja í 7 strengja gaddavírsgirðingu, er sem hér segir, talið ofan frá: $25+25+20+20+15+10 = 1,15$ m. Í netgirðingu með tveimur strengjum yfir er millibilið $25+20+$ netið 70 cm $= 1,15$ m. Sé annar strengurinn undir er millibilið sem hér segir, talið að ofan: 30 cm + netið 70 cm + 10 cm $= 1,10$ m. Net með þrem strengjum, millibil talin að ofan $25+20$ + net $70+10$ cm $= 1,25$ m.

UNDIRHLEÐSLA.

Í þýfi er hæfilegt, að neðsti þáttur girðingar fljóti á þúfnakollum. Er þá hlaðið í alla skorninga og dældir. Við þetta hækkar girðingin töluvert. Hún stendur því lengur upp úr fönn og verst betur. Í grunnar lautir, sem fara verður yfir, er líka sjálfsagt að hlaða. Á grónu landi er stungin snidda og hlaðið úr henni þannig, að hleðslan grói

sem fyrst. Þegar girt er um mela, urðir eða hraun, er grjót oftast nærtækt í hleðslu.

Í stórpýfi og á mishæðóttu landi, þar sem hækka þarf girðingarstæðið, er auðvelt að gera garð með jarðýtu, áður en girt er. Ýtan þarf að troða garðinn vel og nauðsynlegt getur verið að sá grasfræi í hann og um fram allt í skákina sem jarðýtan tekur garðefnið úr.

STYTTUR.

Á hvert staurabil girðingar eru settar tvær stytur úr tré með jöfnu millibili. Þær eru ekki reknar niður í jörðu, heldur festar á vír eða vírnet til þess að halda millibilum í skorðum.

UM BRÖGÐ Á VÍR.

Frá öllum brögðum og vafningum á vír skal ganga snyrtilega, og á öruggan hátt. Þegar skeyta skal saman tvo gaddavírsstrengi, eru endarnir snúnir saman með mjúkum (löngum) vafningum á 50-60 cm kafla.



Mynd 11. Rétt skeyting á gaddavírsstrengjum.

Þegar net er skeytt saman, er hver þáttur annars hluta þess snúinn utan um sams konar þátt hins. Er ágætt að láta tvo lóðréttan þræði netsins (sinn úr hvorum hluta) nema saman og vefja síðan langþáttunum hvorum um annan frá þeim til beggja handa. Má hvort sem er snúa þættina saman með löngum vafningum eða stuttum. Löngu vafningana er auðvelt að gera með höndunum, en þá stuttu verður að snúa með hálfopnum naglbít eða töng.

Vír skyldi aldrei skeyttur saman með því að þræða í lykkjuauga. Þegar lykkjan er brotin saman, skemmist galvaniseringin á vírnum og hann ryðgar fljótt.



Mynd 12. Rétt skeyting á vírneti.

megin stólpans og sé þétt vafið, dregst hann ekki til.

Brögð og vafningar eiga aldrei að vera lengri en nauðsyn krefur og alla óþarfa enda skal klippa strax af.

Brögð á sigvír fara yfirleitt betur, ef þau eru snúin stutt og þétt með naglbít.

Þegar bindivír er hertur með snúning, skal ávalt gæta þess, að jafnt sé snúið upp á báða enda hans, eins og áður segir.

Á aflstólpa úr járni, þar sem vír og net er ekki tekið í sundur, er hvort tveggja bundið fast með bindivír, þannig að þættir geti ekki dregist til á þeim.

Þetta bragð er gert á þann hátt, að tvöfaldur bindivír er vafinn þétt um þáttinn að stólpanum öðrum megin og um hann gagnstætt þættinum, en síðan þétt um þáttinn hinum megin stólpans. Við þetta bragð á að koma mjúkt brot á

mjúkt brot á þáttinn beggja



Mynd 13. Röng skeyting á gaddavír.

EFNI.

Sá gaddavír, sem einna best hefur reynst í girðingum hérlandis, er númer 12 ½ með 4-5 þumlungum milli gadda.

Á heilkefli sem vegur 50 kg eru um 450 lengdarmetrar, þegar millibil gadda er 4 þumlungar. Á hálfkefli, sem er 25 kg að þyngd, er lengd vírsins um 225 m.

Um skeið var allmikið notað af grennri gaddavír, númer 14. Af honum eru um 330 m á hálfkefli með sama millibili. Vír þessi er of grannur til þess að notast í girðingar, sem lengi eiga að standa.

Ýmsar gerðir af netum hafa verið reyndar hér. Langbest hafa gefist net frá Norsk Metaldukfabrik í Oslo. Þau eru 65-70 cm að hæð með röskum 20 cm milli lóðréttra þátta, en langþættir eru 5 að tölu og millibil sem hér segir, talið að ofan, 22-18-15-15 = 70 cm. Efsti þáttur netsins er mjög gildur burðarstrengur. Net þessi eru mjög vel hnýtt og því lítil hætta á, að þættir dragist til í þeim, þótt riðlað sé á þeim. Hægt er að fá þessi net þéttriðnari, ef með þarf.

Í stög og sig er notaður galvaniseraður járnvír númer 9, nema í hin léttari, þar má nota vír nr. 11.

Bindivír er mjúkur járnvír galvaniseraður, nr. 16. Yfirleitt á ekki að nota gildari bindivír.

Stólpar þeir, sem best hafa reynst, eru úr járn-stálblöndu og hafa mikið beygjuþol (stælingu). Þeir eru L-laga og galvaniseraðir, gataðir með 5 cm millibili. Lengdin er tæpir 2 metrar og þyngd um 3,5 kg.

Ýmsar aðrar gerðir járnstólpa hafa verið reyndar síðustu 50 árin, má þar nefna T-stólpa, tjöruborna, og stólpa úr braggabogum. Komið hefur í ljós, að T-stólparnir, sem taldir voru mjög sterkir og endingargóðir, molna niður eða flagna við yfirborð jarðar á 20-30 árum á hrauni og melum - á Suður- og Suðvesturlandi. Ending þeirra er önnur og lengri í kjarrlendi. Norðanlands og austan gætir þessarar tæringar í járninu síður. Galvaniseraðir járnstólpar frá sama tíma hafa hins vegar ekki látið á sjá.

Tréstaumar eru ódýrari en járnstólpar. Sívalningar (boltré) eru betri en staumar úr niðurrustum viði. Inn hafa verið fluttir aðallega greni- og furustaumar, en íslenskir birki-

staurar geta verið ágætir. Tréstauro skal ávalt birkja og baða síðan upp úr carbolinlegi eða öðru fúaverjandi efni.

Tréstyttur eru ýmist afbirtar birkirenglur eða úr ristum borðvið. Hæfilegur gildleiki er þá $1\frac{1}{2}'' \times 1\frac{1}{4}''$, lengdin er 1,20-1,30 m. Trérenglum skal ávalt dýft í carbolinlög eða annað fúaverjandi efni.

VIÐHALD.

Þótt vel sé vandað til efnis og uppsetningar á girðingu, verður ekki komist hjá árlegu viðhaldi.

Það skyldi vera meginregla girðingaeigenda að gera við allar bilanir jafnóðum og þeirra verður vart. Í því sambandi skal það brýnt fyrir öllum að vanda svo til þessara viðgerða strax, að girðingin sé að henni lokinni jafngóð því, sem hún var áður. En á þessu vill oft verða misbrestur. Algengt er að kasta höndum til viðgerða líkast því, að tjaldað sé til einnar nætur. Slíkar málamyndaviðgerðir eru síðan látnar draslast von úr viti og skemma venjulegast út frá sér til beggja handa. Vírinn slaknar, staurar skekkjast og eftir skamman tíma er girðingin orðin hálfónýt á löngum kafla.

Aðaláföll og skemmdir á girðingum verða að vetrinum. Það er því veigamikilið atriði, að farin sé eftirlits- og viðgerðarferð með hverri girðingu eins snemma á hverju vori og unnt er. Þá á að gera við allar bilanir frá vetrinum með góðu efni og vandaðri vinnu. Því betur sem slíkt eftirlit er rækt og vandað til verka, þeim mun lengri ending fæst á girðingunni og meira öryggi. Þess ber og að geta, að reynslan hefur sýnt, að sé eðlilegu viðhaldi sleppt eitt árið, verða viðgerðir á næsta ári margfaldar á við það, sem annars hefði orðið.

Til viðgerða þarf jafnan ekki önnur áhöld en naglbít, töng og talíu, sem er með vírklemmu á báðum endum, þannig að hægt sé að herða saman slitinn þátt meðan hann er skeyttur saman. Af efni skal tekin hönk af bindivír, sigvír, gaddavír og lykkjur.

UM STÆRÐ GIRÐINGA.

Skógræktargirðing skal eigi vera minni en 1 ha að flatarmáli. Í kjarr eða skóglendi, sem friða á til þess að gróðursetja í barrviði, getur verið rétt að girða stórt land í einu, en á skóglausu landi er síður ástæða til þess að taka fyrir stærri spildu í einu en sem svarar því, að fullsett verði í girðinguna á 10 árum.

Við uppsetningu smærri skógræktargirðinga skal ávallt hafa í huga möguleika til stækkunar síðar, og haga legu og gerð girðinga í samræmi við það.

Að sjálfsögðu lækkar girðingarkostnaður á hvern ha lands eftir því sem flatarmál girðingarinnar eykst. Hagkvæmasta lagið á girðingu er jafnhliða ferhyrningur. Sé girðingin þannig í laginu, verður girðingarlengd á ha sem hér segir:

Flatarmál	Lengd girðingar
ha.	Í m á ha.
1	400
4	200
16	100
25	80
100	40

Einar G. E. Sæmundsen.

Starf Skógræktar ríkisins árið 1954.

Eftir HÁKON BJARNASON.

Á fjárlögum ársins 1954 voru kr. 900.000,00 veittar til skógggræðslu. kr. 300.000,00 til plöntuuppeldis, kr. 100.000,00 til girðinga á jörðum einstaklinga, kr. 60.000,00 til skrifstofuhalds og kr. 75.000,00 til afborgana af lánum og vaxtagreiðslu. Til launa hinna föstu starfsmanna voru veittar kr. 310.590,00 og til skógræktarfélaganna kr. 325.000,00. Sakir ófyrirséðra útgjalda voru veittar kr. 30.100,00 umfram fjárlög. Tekjur af sölu plantna voru minni en undanfarið ár eða alls rétt innan við kr. 150.000,00, en aðrar tekjur svipaðar og undanfarið ár, nálægt kr. 25.000,00.

Stærstu útgjaldaliðirnir voru reksturskostnaður gróðrarstöðvanna kr. 766.424,00, gróðursetning barrviða í skóglendi Skógræktar ríkisins kr. 128.070,00, endurbætur og viðhald girðinga kr. 211.266,00 vegagerð og viðhald húsa kr. 93.555,00, og ferðakostnaðar og leiðbeiningar kr. 79.133,00.

Þótt fjárveitingin kunni að sýnast allhá á pappírnum er það þó sannast mála, að hún er orðin alltof lítil, ef koma á uppeldi trjáplantna í einar tvær milljónir árlega. Verkefni þau, sem kalla að, aukast með ári hverju, en samtímis lækkar verðgildi krónunnar ört. Þannig reyndust vinnuútgjöld um 10% hærri þetta ár en árið á undan. Um fjárveitingu til skógræktarfélaganna má einnig segja, að hún þyrfti að vera nokkru hærri. Af annarri grein í ritinu má sjá, hvernig félögin leggja fram vinnu og fé á mót

styrknum, og fyrir því hve styrkurinn nýtist vel í höndum þeirra, er það augljóst mál, að það er hreinn búhnykkur fyrir skógræktarmálin að auka styrkinn til þeirra meðan þau halda áfram á sama hátt.

FRÍÐUN SKÓGLENDNA OG NÝJAR GIRÐINGAR.

Sakir þess, að stækkun og rekstur gróðrarstöðvanna hefur tekið mestan hluta starfsfjárins undanfarin ár, hafa endurbætur á fjölda skógargirðinga orðið að sitja á hakanum. Einkum hefur þetta komið að sök á þeim girðingum, sem reistar voru á stríðsárunum úr veigaminna efni en venjulegt er. Þá hefur þetta og leitt til þess, að fátt hefur verið sett upp af nýjum girðingum á síðari árum.

Ný girðing var sett upp í Straumslandi í Garðahreppi. Hún er um 6 km á lengd og er hin vandaðasta í alla staði. Undanfarin ár hafa nokkur þúsund trjáplöntur verið gróðursettar í Straumshraun, og því var skotið á frest að girða þessa reiti, er Suðurkjálkinn var fjárlaus um skeið. En þar sem mönnum var nú aftur gefinn kostur á að hleypa upp fé að vild á þessum slóðum, varð ekki hjá því komist að girða landið og girða það vel, því að þarna verður landþröng eins og æ hefur verið.

Síðari tímar munu leiða í ljós, að það hefur verið alveg einstök skammsýni að leyfa mönnum að hefja sauðfjárhald á þessum slóðum aftur. Landskemmdirnar á Suðurkjálkanum eru svo miklar og stórkostlegar, að fáir munu geta gert sér grein fyrir því, nema með því að gera sér ferð þangað til að kynnast því af eigin sjón. Með því að koma ekki í veg fyrir ótakmarkað sauðfjárhald á skaganum hafa fáeinir skammsýnir og fáfróðir menn unnið verk, sem seint mun fullbætt.

Við Úlfsstaði í Skagafirði var sett upp lítil girðing á grýttu og blásnu landi. Girðingin er um 1 ha að flatarmáli. Tilgangurinn er að ganga úr skugga um, hvernig slíkt land er fallið til gróðursetningar.

Ekki voru aðrar girðingar settar upp á vegum Skóg-



Frá Múlakoti í Fljótshlíð. Til vinstri eru sitkagrenitré, sem gróðursett voru 1937. Hið hæsta þeirra er nú 7,5 m. Á miðri myndinni er blágreni og fjallapínur til hægri. Ljós- m. próf. Dow V. Baxter 1954.

ræktar ríkisins, en tvær gamlar girðingar voru að miklu leyti endurbyggðar úr góðu og varanlegu efni. Girðingin um skóglendið á Laugarvatni var sums staðar mjög úr sér gengin. Að vísu hafði nokkur hluti hennar verið gerður upp fyrir fáum árum, en meiri hluti hennar var orðinn alls ónýtur. Nú varð þessu verki ekki lengur skotið á frest, og voru um 3 km endurbyggðir að öllu leyti jafnframt því, sem aðrir hlutar girðingarinnar voru lagfærðir. Girðingin er nú traust og örugg vörn fyrir búfé. Undanfarin ár hefur mikið verið gróðursett innan girðingarinnar af nemendum Laugarvatnsskóla, og margt af því tekið ágætum þroska. Var því orðin brýn nauðsyn á að verja landið vel.

Svipuðu máli gildi líka um girðinguna um Jafnaskarðsskóg í Borgarfirði. Sú girðing var sett upp á stríðsárunum, þegar ómögulegt var að fá endingargóða staura og margt annað var líka lélegt. Voru nú um 3 km af girðingunni endurbyggðir úr besta efni, en hitt, sem á vantar, mun endurbyggt í sumar, er kemur. Í Jafnaskarðsskógi standa nú hátt í hundrað þúsund trjáplöntur, og allar á þeim aldri og af þeirri stærð, að þær þola ekki ágang fjár.

Þá voru settar upp margar girðingar á jörðum einstaklinga fyrir þá fjárveitingu, sem sérstaklega er til þess ætluð. Flestar voru fremur litlar ummáls. Girðing á Saurum í Helgafellssveit tekur þó yfir um 15 ha lands, og styrkt var skógargirðing í Botni í Dýrafirði að nokkru leyti, sem tekur yfir um 10 ha. Þá var og sett upp girðing í Miðdalsgröf í Dalasýslu um gamlar kjarraleifar. Sú girðing er 2,5 ha að stærð.

Hér að auki var árlegt viðhald hinna eldri girðinga, en það varð víða óvenju lítið sakir góðs tíðarfars og lítilla fannalaga.

VIÐARHÖGG.

Eldiviðarnotkun minnkar sí og æ í sveitum landsins, og ef svo heldur áfram um nokkur ár, hverfur hún alveg úr

sögunni. Notkun reykingaviðar virðist nokkuð jöfn og hægt vaxandi. Eftir því, sem tímar líða, fæst æ gildari viður úr skógunum, og má bæði nota hann til smíða og í ágæta girðingarstaura. Þó verður að birkja alla staura og verja þá gegn fúa með því að láta þá liggja í fúaverjandi legi hæfilegan tíma eftir að þeir eru orðnir þurrir.

Viðarhöggið á árinu nam:

Í Hallormsstaðarskógi	28,2	tonn
Í Vaglaskógi	63,4	-
Í Þórðarstaðaskógi	10,4	-
Í Sigríðarstaðaskógi	3,5	-

Alles: 105,5 tonn

Af þessu magni var:

Efniviður	10,3	tonn
Eldiviður og reykingaviður	83,7	-
Staurar, 3535 stk.	21,0	-
Renglur, 690 stk.	0,3	-

Auk þessa féllu 270 grannir og 150 gildir lerkistaurar í Hallormsstaðarskógi, og er það í annað sinn, sem slíkir staurar eru höggðir.

GRÓÐRARSTÖÐVAR.

Í Vaglaskógi var ruddur 3000 fermetra reitur norðan við gróðrarstöðina á svonefndum Blómsturvöllum, en þeir eru gamalt eyðibýli inni í miðjum Vaglaskógi. Landið var jafnað og í það borinn áburður, svo að dreifsetja má í það á þessu vori.

Þá var einnig rutt land undir dreifsetningu í Mörkinni á Hallormsstað, en því verki miðaði hæggar en á Vöglum, svo að ekki er víst að landið komist í rækt í vor.

Vorið 1954 var ekki sáð nema í 3100 fermetra lands í stöðvum Skógræktar ríkisins á móts við 4584 fermetra árið áður. Sáð var 111 kg fræs þetta ár en 157 kg árið áður. Ástæðan til þessa samdráttar var óvissan um, hvort



Úr Mörkinni á Hallormsstað. Broddgreni (*Picea pungens*), ætlað frá Arapaho National Forest, Colorado í Bandaríkjunum. Gróðursett 1937, ca. 500 plöntur, sem lifa að heita allar. Haustið 1954 var hæsta tréð 2,50 m og meðallengd ársprota s. l. sumar var 15 cm.

Ljósm. Gunnar Rúnar Ólafsson 1954.

tækist að afla fjár til þess að koma ungvíðinu á legg. En eins og augljóst er, þarf ungvíðið nákvæma umhyggju í 4 ár í stöðvunum, og í hvert sinn, sem einhverju fræmagni er sáð, bindur það ákveðið fjármagn á ári hverju í jafnlangan tíma. Og af því, hve óvíst var í fyrravor um tekjuöflun næstu árin, var sá kostur tekinn að draga saman seglin í plöntuframleiðslunni, uns tryggt væri fé til að fylgja stærri sáningum eftir.

Nú hefur væntanlega úr þessu rætst með sölu merkja á vindlingapökkum, og munu sáningar auknar samkvæmt því, sem sú tekjuaukning leyfir.

Af töflunni á bls. 88-89 má sjá, hversu háttað hefur verið sáningu hinna ýmsu trjátegunda í gróðrarstöðvarnar, og eru nú stöðvar Skógræktarfélags Reykjavíkur og Eyfirð-

inga teknar með til þess að yfirlitið verði sem gleggst, þótt Skógrækt ríkisins eigi þar ekki hlut að máli. Þá eru og töflur um dreifsetningu og afhendingu trjáplantna úr stöðvunum.

GRÓÐURSETNING.

Við Þingvöll voru gróðursettar 1200 sitkagreniplöntur í gamla furulundinn. Þær eru ættaðar frá Homer í Alaska.

Í reit Vestur-Íslendinga í hallinu undan Gjábakka voru settar 500 skógarfurur frá ströndum Tromsfylkis, 500 rauðgreni frá Fellingfors, 500 lerki frá Hakaskoja í Síberíu og 500 sitkagreni frá Homer.

Í girðinguna við Laugarvatn gróðursettu nemendur skólans 2000 skógarfurur frá Tromsströndum, 2000 rauðgreni frá Fellingfors, 1000 lerki frá Hakaskoja, 1000 sitkagreni frá Homer og 50 aspir frá Alaska til reynslu.

Við Stálpastaði voru settar niður 19800 plöntur. Þar af voru 4500 skógarfurur frá Troms, 2000 bergfurur frá Örstavik, en uppruni annars ókunnur, 2500 rauðgreni frá Rana, 5100 sitkagreni frá Point Pakenham og 5600 lerki frá Hakaskoja og nokkur frá Finnlandi. Auk þessa voru settar niður 62 Kontortafurur, sem vaxið hafa upp af ofurlitlu fræmagni, sem Einar Sæmundsen gat safnað við erfið skilyrði nálægt Skagway í Alaska árið 1950. Eru þetta fyrstu fururnar frá Alaska af þessari tegund, sem gróðursettar eru í íslenskt skóglendi, en allar líkur benda til þess, að þessi tegund geti tekið skógarfurunni fram um vaxtarhraða. Til er ofurlítill reitur með kontortafuru á Hallormsstað, en uppruni þeirra er sunnan úr British Columbia. Ennfremur voru 50 aspir frá Alaska settar niður til reynslu.

Við Hvamm í Skorradal voru settar niður 2000 skógarfurur, 2000 rauðgreni frá Rana, 1000 lerki frá Hakaskoja og 1000 sitkagreni frá Pigot Bay í Alaska.

Í skóginn við Jafnaskarð voru settar niður 3800 skógarfurur frá Troms, 1000 lerki frá Arkangelsk, en það er



Rauðgreni í Mörkinni á Hallormsstað. Uppruni fræsins óþekktur. Því var sáð árið 1909 og eru þessi tré vaxin upp úr dreifbedi, en þarna var í eina tíð græðireitur. Hæstu trén á myndinni eru á 8. metra.

Ljósm. Sig. Blöndal 1954.

hið allra síðasta, sem til var af þessum stofni, og 3100 sitkagreni, sem talin eru frá Pakenham.

Í Skagafirði var gróðursett í girðinguna í Reykjahólslandi. Þar voru settar 2500 skógarfurur, 500 birki og 130 sitkagreni. Í Úlfstaðagirðingu voru settar 2000 skógarfurur, 500 birki og 500 rauðgreni. Þá var einnig sett nokkuð í 3 gamlar girðingar í Vatnsdal í Húnavatnssýslu, Barkarstaðagirðingu og nokkrar aðrar.

Í Eyjafirði voru gróðursett 3000 skógarfurur í girðinguna við Vagli á Þelamörk og í nýju girðinguna við Grund voru sett 850 birki og 2500 skógarfurur.

Í Vaglaskóg voru gróðursett 3600 skógarfurur úr Målselvdal, 3400 rauðgreni frá Rana og 6600 lerki frá Hakaskoja. Ennfremur voru sett niður 70 blágreni, sem eru afkvæmi Hallormsstaðartrjáanna, og 100 aspir frá Alaska.

Í Sandhaugaskóg og í Bárðardal voru gróðursett 2500 skógarfurur frá Målselvdal og 800 rauðgreni frá Rana, auk nokkurra aspa.

Í Ásbyrgi voru gróðursett 5000 skógarfurur af Målselvstofni, 1000 lerkiplöntur frá Hakaskoja og 1000 rauðgreniplöntur. Höfðu plönturnar farið illa í flutningunum og komu mikið skemmdar í áfanga.

Í Hallormsstaðarskóg voru gróðursett 6000 skógarfurur úr Målselvdal í svonefndum Hólum. Í Mörkinni, við Jökullækinn, Kerlingarmel og framan við Króklæk voru alls sett niður 14000 lerki frá Hakaskoja. Ennfremur voru sett niður 5000 rauðgreni í Lýsishól ofan við Lón. Þá var bætt 400 sitkagreniplöntum við það, sem sett var árið áður í Lýsishól, og svo voru og 100 Alaskaaspir settar í Mörkina.

Þá var gróðursett lítilsháttar í Þórsmörk. Leystu Farfuglar það af hendi með þrýði eins og að undanfögnu. Settu þeir niður 2000 skógarfurur frá Tromsströndum, 1000 rauðgreni frá Rana, 100 blágreni af Hallormsstaðarkyni auk 100 sitkagreniplantna frá Point Pakenham.

Ennfremur má geta þess, að landnemarnir í Straumslandi settu niður 800 birki, 750 skógarfurur frá Tromsströnd, 550 lerki frá Hakaskoja og 500 sitkagreni frá Homer.

Hér hefur þá verið talið upp hið helsta, sem gróðursett var í girðingar Skógræktar ríkisins. Sleppt hefur verið nokkru úr sakir ónógra upplýsinga.

BYGGINGAR OG VEGAGERÐ.

Í Vaglaskógi var mikið unnið að vegagerð, enda mikil þörf á því. Vegurinn eða stígurinn frá Skógarseli að Kumblaflöt var lagfærður og eins vegurinn úr gróðrarstöðinni og upp að Vöglum. Þá var og borið ofan í veginn suður úr Hróarsstaðanesi og suður að Mörk. Sýsluvegasjóður og vegagerð ríkisins tóku nokkurn þátt í viðgerð þessa síðasttalda vegar. Ennfremur var haldið áfram með undirbyggingu vegar suður að Þórðarstöðum, en það verk sækist seint sakir óhemju kostnaðar, og nú þegar líkur eru fyrir að brú komist á Fnjóská nálægt Þórðarstöðum, er mjög hæpið, hvort slík vegagerð eigi rétt á sér.

Í Hallormsstaðarskógi var rudd gömul beitarhúsaleið á 1,5 km langri leið suður og upp af bænum. Á þetta að verða skógarvegur þegar honum er lokið, þannig að unnt verði að yrkja skóginn þar umhverfis.

Á þessu ári má heita að lokið hafi verið til fullnustu við verkafólksbústað á Hallormsstað. Húsið rúmar 20 manns, þegar það er fullskipað, en stærð þess er um 433 teningsmetrar. Byggingarkostnaður er milli 170 og 180 þúsund krónur, og hefur orðið að dreifa byggingarkostnaðinum á framkvæmdafé fárra ára sakir þess, að ómögulegt er að fá byggingarlán.

Við Jafnaskarðsskóg var stækkað lítið hús, sem notað hefur verið sem viðleguhús fyrir verkafólk. Nú rúmar það 6-7 manns, og er sæmileg vistarvera.

Á Vöglum voru byggð upp aftur útihús, sem skemmdust

No.	Initial weight		Final weight		Difference		Percentage		Standard error	
	kg	no.	kg	no.	kg	no.	kg	no.	kg	no.
100	1.00	100	1.00	100	0.00	100	0.00	100	0.00	100
101	1.01	101	1.01	101	0.01	101	0.01	101	0.01	101
102	1.02	102	1.02	102	0.02	102	0.02	102	0.02	102
103	1.03	103	1.03	103	0.03	103	0.03	103	0.03	103
104	1.04	104	1.04	104	0.04	104	0.04	104	0.04	104
105	1.05	105	1.05	105	0.05	105	0.05	105	0.05	105
106	1.06	106	1.06	106	0.06	106	0.06	106	0.06	106
107	1.07	107	1.07	107	0.07	107	0.07	107	0.07	107
108	1.08	108	1.08	108	0.08	108	0.08	108	0.08	108
109	1.09	109	1.09	109	0.09	109	0.09	109	0.09	109
110	1.10	110	1.10	110	0.10	110	0.10	110	0.10	110
111	1.11	111	1.11	111	0.11	111	0.11	111	0.11	111
112	1.12	112	1.12	112	0.12	112	0.12	112	0.12	112
113	1.13	113	1.13	113	0.13	113	0.13	113	0.13	113
114	1.14	114	1.14	114	0.14	114	0.14	114	0.14	114
115	1.15	115	1.15	115	0.15	115	0.15	115	0.15	115
116	1.16	116	1.16	116	0.16	116	0.16	116	0.16	116
117	1.17	117	1.17	117	0.17	117	0.17	117	0.17	117
118	1.18	118	1.18	118	0.18	118	0.18	118	0.18	118
119	1.19	119	1.19	119	0.19	119	0.19	119	0.19	119
120	1.20	120	1.20	120	0.20	120	0.20	120	0.20	120
121	1.21	121	1.21	121	0.21	121	0.21	121	0.21	121
122	1.22	122	1.22	122	0.22	122	0.22	122	0.22	122
123	1.23	123	1.23	123	0.23	123	0.23	123	0.23	123
124	1.24	124	1.24	124	0.24	124	0.24	124	0.24	124
125	1.25	125	1.25	125	0.25	125	0.25	125	0.25	125
126	1.26	126	1.26	126	0.26	126	0.26	126	0.26	126
127	1.27	127	1.27	127	0.27	127	0.27	127	0.27	127
128	1.28	128	1.28	128	0.28	128	0.28	128	0.28	128
129	1.29	129	1.29	129	0.29	129	0.29	129	0.29	129
130	1.30	130	1.30	130	0.30	130	0.30	130	0.30	130
131	1.31	131	1.31	131	0.31	131	0.31	131	0.31	131
132	1.32	132	1.32	132	0.32	132	0.32	132	0.32	132
133	1.33	133	1.33	133	0.33	133	0.33	133	0.33	133
134	1.34	134	1.34	134	0.34	134	0.34	134	0.34	134
135	1.35	135	1.35	135	0.35	135	0.35	135	0.35	135
136	1.36	136	1.36	136	0.36	136	0.36	136	0.36	136
137	1.37	137	1.37	137	0.37	137	0.37	137	0.37	137
138	1.38	138	1.38	138	0.38	138	0.38	138	0.38	138
139	1.39	139	1.39	139	0.39	139	0.39	139	0.39	139
140	1.40	140	1.40	140	0.40	140	0.40	140	0.40	140
141	1.41	141	1.41	141	0.41	141	0.41	141	0.41	141
142	1.42	142	1.42	142	0.42	142	0.42	142	0.42	142
143	1.43	143	1.43	143	0.43	143	0.43	143	0.43	143
144	1.44	144	1.44	144	0.44	144	0.44	144	0.44	144
145	1.45	145	1.45	145	0.45	145	0.45	145	0.45	145
146	1.46	146	1.46	146	0.46	146	0.46	146	0.46	146
147	1.47	147	1.47	147	0.47	147	0.47	147	0.47	147
148	1.48	148	1.48	148	0.48	148	0.48	148	0.48	148
149	1.49	149	1.49	149	0.49	149	0.49	149	0.49	149
150	1.50	150	1.50	150	0.50	150	0.50	150	0.50	150
151	1.51	151	1.51	151	0.51	151	0.51	151	0.51	151
152	1.52	152	1.52	152	0.52	152	0.52	152	0.52	152
153	1.53	153	1.53	153	0.53	153	0.53	153	0.53	153
154	1.54	154	1.54	154	0.54	154	0.54	154	0.54	154
155	1.55	155	1.55	155	0.55	155	0.55	155	0.55	155
156	1.56	156	1.56	156	0.56	156	0.56	156	0.56	156
157	1.57	157	1.57	157	0.57	157	0.57	157	0.57	157
158	1.58	158	1.58	158	0.58	158	0.58	158	0.58	158
159	1.59	159	1.59	159	0.59	159	0.59	159	0.59	159
160	1.60	160	1.60	160	0.60	160	0.60	160	0.60	160
161	1.61	161	1.61	161	0.61	161	0.61	161	0.61	161
162	1.62	162	1.62	162	0.62	162	0.62	162	0.62	162
163	1.63	163	1.63	163	0.63	163	0.63	163	0.63	163
164	1.64	164	1.64	164	0.64	164	0.64	164	0.64	164
165	1.65	165	1.65	165	0.65	165	0.65	165	0.65	165
166	1.66	166	1.66	166	0.66	166	0.66	166	0.66	166
167	1.67	167	1.67	167	0.67	167	0.67	167	0.67	167
168	1.68	168	1.68	168	0.68	168	0.68	168	0.68	168
169	1.69	169	1.69	169	0.69	169	0.69	169	0.69	169
170	1.70	170	1.70	170	0.70	170	0.70	170	0.70	170
171	1.71	171	1.71	171	0.71	171	0.71	171	0.71	171
172	1.72	172	1.72	172	0.72	172	0.72	172	0.72	172
173	1.73	173	1.73	173	0.73	173	0.73	173	0.73	173
174	1.74	174	1.74	174	0.74	174	0.74	174	0.74	174
175	1.75	175	1.75	175	0.75	175	0.75	175	0.75	175
176	1.76	176	1.76	176	0.76	176	0.76	176	0.76	176
177	1.77	177	1.77	177	0.77	177	0.77	177	0.77	177
178	1.78	178	1.78	178	0.78	178	0.78	178	0.78	178
179	1.79	179	1.79	179	0.79	179	0.79	179	0.79	179
180	1.80	180	1.80	180	0.80	180	0.80	180	0.80	180
181	1.81	181	1.81	181	0.81	181	0.81	181	0.81	181
182	1.82	182	1.82	182	0.82	182	0.82	182	0.82	182
183	1.83	183	1.83	183	0.83	183	0.83	183	0.83	183
184	1.84	184	1.84	184	0.84	184	0.84	184	0.84	184
185	1.85	185	1.85	185	0.85	185	0.85	185	0.85	185
186	1.86	186	1.86	186	0.86	186	0.86	186	0.86	186
187	1.87	187	1.87	187	0.87	187	0.87	187	0.87	187
188	1.88	188	1.88	188	0.88	188	0.88	188	0.88	188
189	1.89	189	1.89	189	0.89	189	0.89	189	0.89	189
190	1.90	190	1.90	190	0.90	190	0.90	190	0.90	190
191	1.91	191	1.91	191	0.91	191	0.91	191	0.91	191
192	1.92	192	1.92	192	0.92	192	0.92	192	0.92	192
193	1.93	193	1.93	193	0.93	193	0.93	193	0.93	193
194	1.94	194	1.94	194	0.94	194	0.94	194	0.94	194
195	1.95	195	1.95	195	0.95	195	0.95	195	0.95	195
196	1.96	196	1.96	196	0.96	196	0.96	196	0.96	196
197	1.97	197	1.97	197	0.97	197	0.97	197	0.97	197
198	1.98	198	1.98	198	0.98	198	0.98	198	0.98	198
199	1.99	199	1.99	199	0.99	199	0.99	199	0.99	199
200	2.00	200	2.00	200	1.00	200	1.00	200	1.00	200
201	2.01	201	2.01	201	1.01	201	1.01	201	1.01	201
202	2.02	202	2.02	202	1.02	202	1.02	202	1.02	202
203	2.03	203	2.03	203	1.03	203	1.03	203	1.03	203
204	2.04	204	2.04	204	1.04	204	1.04	204	1.04	204
205	2.05	205	2.05	205	1.05	205	1.05	205	1.05	205
206	2.06	206	2.06	206	1.06	206	1.06	206	1.06	206
207	2.07	207	2.07	207	1.07	207	1.07	207	1.07	207
208	2.08	208	2.08	208	1.08	208	1.08	208	1.08	208
209	2.09	209	2.09	209	1.09	209	1.09	209	1.09	209
210	2.10	210	2.10	210	1.10	210	1.10	210	1.10	210
211	2.11	211	2.11	211	1.11	211	1.11	211	1.11	211
212	2.12	212	2.12	212	1.12	212	1.12	212	1.12	212
213	2.13	213	2.13	213	1.13	213	1.13	213	1.13	213
214	2.14	214	2.14	214	1.14	214	1.14	214	1.14	214
215	2.15	215	2.15	215	1.15	215	1.15	215	1.15	215
216	2.16	216	2.16	216	1.16	216	1.16	216	1.16	216
217	2.17	217	2.17	217	1.17	217	1.17	217	1.17	217
218	2.18	218	2.18	218	1.18	218	1.18	218	1.18	218
219	2.19	219	2.19	219	1.19	219	1.19	219	1.19	219
220	2.20	220	2.20	220	1.20	220	1.20	220	1.20	220
221	2.21	221	2.21	221	1.21	221	1.21	221	1.21	221
222	2.22	222	2.22	222	1.22	222	1.22	222	1.22	222
223	2.23	223	2.23							

í ofviðri í fyrravetur, en auk þess var bærinn málaður og þar var einnig sett upp lítil rafstöð til ljósa.

Þá var og keyptur Brúarlundur, gistihúsið, sem reist hafði verið úr hermanskálum fyrir nokkru í Vaglaskógi. Skógrækt ríkisins fékk eignina með því að taka að sér um 250 þúsund króna lán, sem hvíldu á mannvirkjunum. Aðalástæðan til, að þessi kaup voru gerð var sú, að í Vaglaskógi var ekki til neinn bústaður handa verkafólki. Undanfarið hefur fólk verið látið búa í alls óhæfu húsi, litlu og þröngu, en slíks var enginn kostur lengur. Af reynslunni frá Hallormsstað var ljóst, að ekki væri unnt að byggja viðunanlegt hús fyrir minna en um kr. 200.000,00, en hér var unnt að leysa þetta mál fyrst um sinn með litlum fjárframlögum í bili.

Hér má og geta mikillar framræslu á mýrunum í Hallormsstaðarskógi, þótt slíkt heyri ekki beint undir kaflafyrirsögnina. En þar voru grafnir stórir skurðir í mýrina neðan við túnið á staðnum og Ormsstaðamýrina. Lengd skurða er alls um 3600 metrar en rúmtak þeirra röskeir 18000 teningsmetrar. Alls eiga skurðirnir að þurrka um 16 ha lands, og er ekki vafi á, að þeir hlaupa í skóg innan skamms, ef mýrarnar verða ekki teknar undir túnrækt eða garða. Ásgeir L. Jónsson ráðunautur mældi fyrir þessum skurðum og lagði ráðin á um þurrkunina.

LEIÐBEININGAR OG FERÐIR.

Um mánaðamót febrúar og mars voru skógarverðirnir kvaddir saman á fund hér í Reykjavík, eins og vani hefur verið undanfarin ár. Á þeim fundi var gerð starfsáætlun Skógræktar ríkisins fyrir árið 1954. Var síðan unnið samkvæmt þeirri áætlun og farið eins nákvæmlega eftir henni og kostur var á.

Þar sem nokkru meira magn var á boðstólum af trjáplöntum en undanfarin vor, var leiðbeiningarstarfið um vorið hið langmesta, sem nokkurn tíma hefur verið. Sakir

Þess urðu margir skógarvarðanna að leggja nótt með degi yfir vorið og vera mjög víða.

Eins og undanfarið fóru skógarverðir eftirlitsferðir um umdæmi sín svo sem við varð komið. Ferðirnar eru hinar sömu ár eftir ár, og er því engin ástæða til að orðlengja um þær.

ÝMISLEGT.

Hallormsstaðarskógur laufgaðist um 25. maí, og er það nærri hálfum mánuði fyrr en árið áður. Lauffall varð milli 3.-8. október, og má því telja vaxtartímann um 130-135 daga. Á Hallormsstað var vorið og fyrri hluti sumars ágætt, en hásumarið og haustið allt með eindæmum kalt. Meðalhiti sumars varð ekki nema 8,3 stig og er það ótrúlega lágt. Síðasta vorfrost var 9. júní, en það var ekki nema - 0,6 stig, og er því ekki teljandi. Fyrsta haustfrost kom snemma, eða hinn 29. ágúst, og varð - 2,3 stig. Ekki virðist það hafa komið neitt að sök né hafa haft áhrif á vöxt trjáanna. Úrkoman var heldur yfir meðallagi eða um 750 mm.

Á öðrum stöðum varð laufgun birkis um svipað leyti. Þannig er hún talin um 20. maí í Borgarfirði, Skagafirði og á Vöglum í Fnjóskadal, en 24. maí á Tumastöðum. Lauffall er víðast um mánaðamót september og október og þangað til viku af október.

Fræproski varð víða í meðallagi og reyndar langt umfram það, sem verið hefur mörg undanfarin ár. Í Bæjarstaðarskógi og nágrenni hans var alls safnað 136 kg fræs, en á Hallormsstað var safnað 15 kg af fræi af völdum trjám og á Vöglum um 10 kg. Mátti ekki tæpara standa með þessa fræsöfnun, því að allar fræbirgðir voru upp gengnar. Þess má geta, að maðks varð hvergi vart, svo að orð sé á gerandi.

Ekki var minna um vert, að nú reyndist miklu auðveldara en nokkurntíma fyrr að afla fræs frá útlöndum. Í Alaska tók Manning Seed Company að sér að safna

fræi á þeim stöðum, sem okkur henta vel. Er það í fyrsta sinni, sem slíkri söfnun hefur verið komið á, og er slíkt til hins mesta hagræðis fyrir skógrækt hér á landi. Hingað er nú komið mikið af sitkagrenifræi frá nágrenni Cordova, dálítið af marþallarfræi af sömu slóðum, blendingur sitka og hvítgrenis frá Lawing á Kenaískaganum og fjallapöll af sömu slóðum. Allt mun þetta ágætt fræ. Þá er og komið fjallapinsfræ frá Skagway í Alaska, en því er safnað af öðrum aðila.

Ennfremur hefur tekist að ná í talsvert af fræi úr háfjöllum Bandaríkjanna til þess að gera tilraunir með hér á landi. Mest af fræinu er tekið af svipuðum slóðum og broddfuran á Hallormsstað er ættuð frá. Hér er um blágreni og broddgreni að ræða, ásamt ýmsum tegundum af furu, er vex hátt til fjalla, og þar á meðal er broddfurufræ. Líka er von á smásendingu af fræi frá British Columbia.

Þá er og komið allmikið af lerkifræi hingað frá nokkrum stöðum í Rússlandi og Síberíu. Auk þess eru smásendingar af öðru fræi til reynslu, og ekki má gleyma aspartegund, sem okkur var send í fyrravor. Komu græðlingarnir alla leið austan úr austustu héruðum Síberíu. Heiti tegundarinnar er *Populus suaveolens*.

Árið sem leið starfaði skóli fyrir þrjá nemendur í verklegu og bóklegu námi í skógrækt. Var kennslu hagað svipað og undanfarið. Nemendur eiga að brautskrást vorið 1955, en ekki er líklegt, að því verði við komið að halda slíkan skóla aftur fyrr en eftir eitt eða tvö ár, þar sem þetta krefst mjög mikillar vinnu af hálfu starfsmanna skógræktarinnar hér í Reykjavík.

Í ágústmánuði kom forseti Íslands og frú hans í heimsókn í Hallormsstaðarskóg og skoðuðu hið markverðasta. Þann dag var veður eitt hið fegursta, sem kom á sumrinu þar eystra.

Að endingu má telja til tíðinda, að 11 alþingismenn ásamt nokkrum öðrum gestum fóru austur í Hallorms-



Fjárveitinganefnd Alþingis og fleiri gestir í Mörkinni á Hallormsstað hinn 11. sept. 1954.

Ljósm. Sigurður Bjarnason.

staðarskóg hinn 11. september til þess að kynnst hinum ýmsu tilraunum af eigin sjón. Þessir alþingismenn tóku þátt í förinni: Bjarni Benediktsson ráðherra, Pétur Ottesen, Jón Kjartansson, Hannibal Valdimarsson, Magnús Jónsson frá Mel, Páll Zóphoníasson, Sigurður Bjarnason, Jón Pálmason, Ingólfur Flygenring, Sigurður Óli Ólafsson. Auk þeirra voru þeir Valtýr Stefánsson, dr. Helgi

Tómasson, Tómas Jónsson borgaritari, G. A. Stanford sendifulltrúi, Agnar Kofoed-Hansen flugmálastjóri, Helgi Hjörvar, Guðm. M. Björnsson kaupm. og nokkrir starfsmenn Skógræktarinnar með í förinni. Á Hallormsstað tók Guttormur Pálsson á móti gestum ásamt ýmsum úr stjórn Skógræktarfélags Austurlands, og þar slóst Lúðvík Jósefsson alþm. einnig í hópinn. Veður var all sæmilegt þennan dag, og gátu gestirnir fengið gott yfirlit um hið elsta og markverðasta, sem þar er að sjá, en auðvitað varð margt skemmtilegt útundan, þar sem menn höfðu aðeins dagsstund til umráða.

Þá má og telja það til fréttu, að prófessor Dow V. Baxter, frá háskólanum í Ann Arbor í Michigan kom hingað til lands í annað sinn og dvaldi hér um skeið. Hann er sérfræðingur í trjásjúkdómum, og var því hinn mesti aufúsugestur. Kom hann hér í allar gróðrarstöðvarnar og mörg skóglendin. Lauk hann miklu lofsorði á störf skógarvarðanna eins og sjá má af blaðaviðtali hans.

Hákon Bjarnason.

Fulltrúafundur skógræktarfélaganna 1954.

(útdráttur úr fundargerð).

Samkvæmt ályktun aðalfundar Skógræktarfélags Íslands 1953 boðaði stjórn félagsins til fulltrúafundar í Reykjavík hinn 2. mars 1954. Var fundurinn haldinn í fundarsal skógræktarinnar að Grettisgötu 8.

Í fjarveru formanns S. Í., Valtýs Stefánssonar, ritstjóra, setti framkvæmdastjóri félagsins, Hákon Bjarnason, skógræktarstjóri, fundinn.

Hann bauð fulltrúana velkomna og benti á þörf slíks fundar, þar sem mikla nauðsyn bæri til þess að samhæfa störf skógræktarfélaganna sem mest.

Hann gat þess, að aðalverkefni þessa fundar myndi verða að ræða um, hvernig gróðursetning færi fram þannig, að sem mest magn plantna verði komið í jörð á sem bestan hátt og á heppilegum stöðum.

Þá gat skógræktarstjóri þess, að Einar G. E. Sæmundsen og Baldur Þorsteinsson myndu ræða við fulltrúa og gera með þeim áætlun um væntanlega gróðursetningu á vorinu.

Skógræktarstjóri tilnefndi þá H. J. Hólmjárn og Jón J. Jóhannesson til fundarritara.

Á fundinum voru þessir fulltrúar:

Skógræktarfélag Akraness: Guðmundur Jónsson ráðunautur.

- Árnesinga: Ólafur Jónsson kaupmaður.

- Austurlands: Sigurður Blöndal skógfræðingur.

- Borgfirðinga: Daníel Kristjánsson skógarv. og Guðm. Jónsson bóndi.

- Eyfirðinga: Ármann Dalmannsson framkvæmdastjóri.

- Hafnarfjarðar: Jón Magnússon kaupmaður.

- Ísfirðinga: M. Simson ljósmyndari.

- Mýrdælinga: Einar H. Einarsson bóndi.

- Norður-Þingeyinga: Erlingur Jóhannsson skógarvörður.

- Rangæinga: Jón J. Jóhannesson cand. mag.

- Reykjavíkur: Einar G. E. Sæmundsen skógarvörður.

- Siglufjarðar: Gunnar Jóhannsson alþingismaður.

- Skagafjarðar: Ólafur Sigurðsson bóndi.

- Strandamanna: Benedikt Grímsson bóndi.

- Suður-Þingeyinga: Tryggvi Sigtryggsson bóndi.

- Suðurnesja: Hermann Eiríksson.

- Vestur-Ísfirðinga: Helgi Guðmundsson kennari.

Auk þeirra sátu fundinn þessir: Valtýr Stefánsson ritstjóri, Guttormur Pálsson skógarvörður, Garðar Jónsson skógarvörður, Baldur Þorsteinsson skógfræðingur og H. J. Hólmjárn efnafræðingur.



Þátttakendur á fyrsta fulltrúafundi skógræktarfélaganna.

Sitjandi, talið frá vinstri: Baldur Þorsteinsson, Ólafur Sigurðsson, Jón J. Jóhannesson, Hákon Bjarnason, Valtýr Stefánsson, H. J. Hólmjárn og Guttormur Pálsson. - Önnur röð, talið frá vinstri: Ísleifur Sumarliðason, Daniel Kristjánsson, Ármann Dalmannsson, Sigurður Jónsson, Einar H. Einarsson, Helgi Guðmundsson, Tryggvi Sigtryggsson, Guðmundur Jónsson, Garðar Jónsson, Erlingur Jóhannsson og M. Simson. - Þriðja röð, talið frá vinstri: Einar G. E. Sæmundsen, Sigurður Blöndal og Ólafur Jónsson.

Ljós. Gunnar Rúnar Ólafsson.

Svofeld dagsskrá var lögð fram:

Þriðjudagur 2. mars:

- Kl. 10.00 Fundur settur. Hákon Bjarnason talar um störf félaganna á vori komanda - Umræður.
- 13.40 Framhaldsumræður og tillögur um störf.

Miðvikudagur 3. mars:

- Kl. 10.00 Fundur settur. Lagðar fram áætlanir um gróðursetningu.
- 13.30 Umræður, ef nauðsyn ber til.
 - 19.30 Kvöldverðarboð.

Hákon Bjarnason skógræktarstjóri hóf máls á því að tala um störf félaganna. Hann kvað vonir standa til, að trjáplöntur á þessu vori yrðu á aðra milljón, og kæmi það í hlut skógræktarfélaganna að gróðursetja mikinn hluta þess eða um 650.000 plöntur, en Skógrækt ríkisins 200.000 og

Skógræktarfélag Reykjavíkur um 150.000. Síðan ræddi hann um væntanlega Noregsförr og um Landgræðslusjóð, sem á 10 ára afmæli á þessu ári.

Þá hófust umræður. Voru þær mjög fjörugar báða fundardagana. Skýrðu fulltrúar þar frá margvíslegri reynslu í starfi félaga sinna og ræddu um framtíðarstarfið. Svo margt bar á góma, að ekki er kostur á að rekja það hér. Voru menn sammála um það í fundarlok, að slíkur fundur yrði að verða fastur þáttur í starfi Skógræktarfélags Íslands. Hér gæfist betra tórn en á aðalfundum að ræða í ró og næði ýmis atriði skógræktarinnar.

Fulltrúarnir lögðu fram pantanir á um 525 þús. plöntum fyrir vorið. Ennfremur var rætt um einstök mál, er leggja skyldi fyrir næsta aðalfund, m. a. um, að stjórnin undirbyggi umræðugrundvöll um gróðrarstöðvar skógræktarfélaganna og um verksvið og skyldur starfsmanna Skógræktar ríkisins gagnvart skógræktarfélögunum.

Að kvöldi seinni dagsins sátu fulltrúar boð Skógræktar ríkisins heima hjá skógræktarstjóra.

Aðalfundur Skógræktar- félags Íslands 1954

haldinn í Húsmæðraskólanum á Hallormsstað 2.-3. júlí.

(útdráttur úr fundargerð).

Föstudaginn 2. júlí var aðalfundur Skógræktarfélags Íslands settur í Húsmæðraskólanum á Hallormsstað. Fundinn setti formaður félagsins, Valtýr Stefánsson ritstjóri, og nefndi til fundarritara þá Hákon Guðmundsson, Baldur Þorsteinsson og Björn Þórðarson.

Lögð var fram svohljóðandi dagskrá:

Föstudagur 2. júlí:

Kl. 9.45 Fundur settur. Formaður og framkvæmdastjóri flytja skýrslu. Reikningar Landgræðslusljóðs lesnir upp. Lagðar fram tillögur og kosið í nefndir.

- 12.00 Hádegisverður.
- 13.30 Skýrslur félaganna. Nefndir starfa.
- 16.00 Kaffihlé.
- 16.30 Farið um skóginn.
- 19.00 Kvöldverður.
- 21.00 Kvöldvaka.

Laugardagur 3. júlí:

Kl. 9.30 Nefndir skila tillögum, umræður og atkvæðagreiðsla.

- 12.00 Hádegisverður.
- 13.00 Stjórnarkjör. Fundarslit.
- 14.30 Kaffihlé.
- 15.00 Farið um skóginn.
- 19.00 Kvöldverður.
- 21.00 Skemmtun Skógræktarfélags Austurlands í Atlavík.

Sunnudagur 4. júlí:

Kl. 9.30-12.00 Farið um skóginn.

Eftir hádegi: Skemmtun Skógræktarfélags Austurlands í Atlavík.

Formaður minntist látins félaga, Þorsteins Þorsteinssonar á Akureyri, sem hann kvað hafa verið einn af áhugasömustu skógræktarmönnum, og mikinn atorku- og framkvæmdamann. Fundarmenn heiðruðu minningu hans með því að rísa úr sætum.

Fundinn sóttu þessir fulltrúar:

Skógræktarfélag Akraness: Sveinbjörn Oddsson, sparisjóðsgjaldkeri.

Skógræktarfélag Árnesinga: Ólafur Jónsson, kaupmaður, Snorri Árnason, lögfræðingur, Þórmundur Guðmundsson, bifvélavirki.

Skógræktarfélag Austur-Húnavetninga: Páll Jónsson, skólastjóri.

Skógræktarfélag Austurlands: Guttormur Pálsson, skógarvörður, Skúli Þorsteinsson, skólastjóri, Páll Guðmundsson, bóndi, Nanna Guðmundsdóttir, kennari, Sigurður Blöndal, skógfræðingur.

Skógræktarfélag Borgfirðinga: Daníel Kristjánsson, skógarvörður, Hjörtur Helgason, vélstjóri, Guðrún Davíðsdóttir, frú.

Skógræktarfélag Eyfirðinga: Guðmundur Karl Pétursson, yfirlæknir, Björn Þórðarson, verslunarmaður, Ármann Dalmannsson, framkvæmdastj.

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar: Ingvar Gunnarsson, kennari, Pálmi Ágústsson, verslunarmaður, Kristján Símonarson, garðyrkjumaður.

Skógræktarfélag Heiðsynninga: Christian Zimsen, lyfsali.

Skógræktarfélag Mýrdæla: Sigríður V. Þormar, frú.

Skógræktarfélag Neskaupstaðar: Eyþór Þórðarson, kennari.

Skógræktarfélag Rangæinga: Garðar Jónsson, skógarvörður, Ágúst Árnason, skógræktarnemi.

Skógræktarfélag Reykjavíkur: Jón Loftsson, stórkaupmaður, Hákon Guðmundsson, hæstaréttaritari, Björn Vilhjálmsson, garðyrkjumaður, Vilhjálmur Sigtryggsson, skógverkstjóri, Jón Helgason, kaupmaður, Aðalheiður Þorkelsdóttir, frú, Kristján Jakobsson, póstur, Egill Hallgrímsson, kennari, Guðrún Einarsdóttir, frú.

Skógræktarfélag Seyðisfjarðar: Erlendur Sigmundsson, sóknarprestur.

Skógræktarfélag Stykkishólms og nágrennis: Guðmundur J. Bjarnason, trésmiður.

Skógræktarfélag Suðurnesja: Siguringi Hjörleifsson, kennari.

Skógræktarfélag Suður-Þingeyinga: Tryggvi Sigtryggsson, bóndi, Ketill Indriðason, bóndi, Jóhannes Sigfússon, bóndi, Helga Henriksdóttir, frú, Jóhannes Árnason, bóndi.

Skógræktarfélag Vestur-Barðastrandasýslu: Guðmundur Sveinsson, erindreki.

Úr stjórn Skógræktarfélags Íslands: Valtýr Stefánsson, ritstjóri, Hermann Jónasson, alþingismaður, Einar G. E. Sæmundsen, skógarvörður, Haukur Jörundsson, kennari, Hákon Bjarnason, skógræktarstjóri og framkvæmdastjóri félagsins.

Gestir fundarins: Gunnlaugur E. Briem, skrifstofustjóri og kona hans, Þóra Briem, Sigtryggur Klemenzson, skrifstofustjóri og kona hans, Unnur Pálsdóttir, A. F. Kofoed-Hansen, fyrrv. skógræktarstjóri, Jón Hjaltalín Sigurðsson, prófessor, Kristín Jónsdóttir, frú, Klara Helgason, frú, Elín Pálsdóttir, frú, öll frá Rvík, Helgi Jónsson, bóndi, Gvendarstöðum, Sigtryggur Jóseppson, bifreiðarstjóri, Breiðumýri, Ragna Jónsdóttir, frú, Rvík, Hlíf Magnúsdóttir, frú, Gilsárstekk, Baldur Þorsteinsson, skógfræðingur og kona hans, Jóhanna Friðriksdóttir, Rvík, Kristjana Hallgrímsdóttir, ritari, Rvík, Ísleifur Sumarliðason, skógarvörður. Vöglum, Indriði Indriðason, skógverkstjóri, Vöglum, Páll Guttormsson, skógverkstjóri, Hallormsstað.

Formaður bauð fulltrúa og gesti velkomna. Gat hann þess, að félaginu

væri mikil ánægja að því að geta haldið fundinn á þessum stað, og hefði það aðeins getað orðið fyrir sérstaka velvild og tillitssemi forráðamanna skólans.

Kosnar voru þessar nefndir:

Skemmtinefnd: Guðmundur Karl Pétursson, Pálmi Ágústson og Eyþór Þórðarson.

Allsherjarnefnd: Snorri Árnason, Ármann Dalmannsson, Tryggvi Sigtryggsson, Jón Loftsson og Chr. Zimsen.

Framkvæmdastjóri félagsins, Hákon Bjarnason, skógræktarstjóri, flutti ýtarlega skýrslu um störf félagsins og ræddi framtíðarhorfur í skógræktarmálum. Hann skýrði og frá því, hvernig reitt hefði af tillögum þeim, sem síðasti aðalfundur hafði samþykkt.

Þvínæst hófust umræður um skýrsluna og lesnar voru upp tillögur, sem borist höfðu. Var þeim vísað til allsherjarnefndar. Fara þær hér á eftir, eins og þær voru, komnar aftur frá nefndinni:

Tillögur frá allsherjarnefnd:

I. tillaga. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn að Hallormsstað 2. og 3. júlí 1954, skorar á Alþingi að stefna í hvívetna í löggjöf að aukinni verndun jarðvegs og gróðurs og að taka stefnuskráratriði þess eðlis í stjórnskipunarlög lýðveldisins.

Jarðvegur og gróður landsins eru verðmæti, sem hverri kynslóð ber að skila óskertum í hendur niðja sinna, en veðráttu og jarðvegi er svo hátt að hér á landi, að sérstök ástæða er til, að staðið sé vel á verði um verndun hvortveggja.

Tillagan samþykkt samhljóða.

II. tillaga. Aðalfundur S. Í. 1954 beinir þeim tilmælum til stjórnar S.Í. að taka upp viðræður við fræðslumálastjórnina um möguleika á að tengja skógræktarstarfið við starf hinna föstu skóla, þannig að fræðsla um skógrækt verði aukin og á hverju vori verði tiltekinn tími ætlaður nemendum skólanna eða nokkrum hluta þeirra til að vinna að skógrækt, og skólarnir taki tillit til þess í námsskrám sínum.

Samþykkt samhljóða.

III. tillaga. Aðalfundur S. Í. 1954 telur æskilegt, að héraðsskógræktarfélögin og Skógrækt ríkisins ráði til sín unglinga á aldrinum 13-15 ára, 4-6 vikur á vorin til gróðursetningar trjáplantna og annarra skógræktarstarfa og felur stjórn S. Í. að vinna að því, að fjárveiting fái til þess að greiða þeim kaup, sem svarar uppihaldskostnaði þann tíma, sem vinnan stendur yfir.

Samþykkt með 11:9 atkvæðum.

IV. tillaga. Aðalfundur S. Í. 1954 felur stjórn félagsins að vinna að því við ríkisstjórn og Alþingi, að Landgræðslusjóður verði eflður með álagi á vindlinga, er nemi sem næst þeirri upphæð, er uppeldi trjáplantna nemur ár hvert.

Samþykkt samhljóða.

V. tillaga. Í tilefni af áskorun frá Skógræktarfélagi Borgfirðinga um stuðning frá S. Í. til þess að reka uppeldisstöð fyrir trjáplöntur í Vestfirðingafjórðungi, mælir fundurinn með því, að slíkur styrkur verði veittur, þegar er aukin fjárveiting gerir það mögulegt.

Daníel Kristjánsson bar fram þá breytingartillögu, að orðin „þegar aukin fjárveiting gerir það mögulegt“ falli niður.

Breytingartillaga Daníels var samþykkt með 17: 7 atkvæðum, og var tillaga V svo breytt samþykkt samhljóða.

VI. tillaga. Breytingar á reglum um skiptingu á styrk til skógræktarfélaga:

1) Að ákvæði um 5 króna styrk á félag sé háð því skilyrði, að hvert félag kaupi rit a. m. k. handa 60% féлага sinna.

2) Í girðingavinnu skulu koma 40 m í dagsverk.

3) Heimilt er að greiða styrk vegna stofnkostnaðar gróðrarstöðva, þegar ástæður mæla með.

1. liður samþykktur með 17: 7 atkv. 2. og 3. liður samþykktir með samhljóða atkvæðum.

VII. tillaga. Aðalfundur S. Í. samþykkir að fela stjórn félagsins að fara fram á það við viðkomandi yfirvöld, að hluti af verkefni vinnuskólanna verði jafnan gróðursetning trjáplantna.

Samþykkt með 17 samhljóða atkvæðum.

Stjórnarkjör. Úr stjórn áttu að ganga Einar G. E. Sæmundsen og H. J. Hólmjárn. Var Einar endurkjörinn með 37 atkvæðum og Hólmjárn með 21 atkv.

Í varastjórn var endurkjörinn Ingvar Gunnarsson með 21 atkv. Endurskoðendur voru endurkosnir þeir Halldór Sigfússon og Kolbeinn Jóhannsson.

Valtýr Stefánsson.

Hákon Guðmundsson.

Baldur Þorsteinsson.

Báða fundardagana var gengið um Hallormsstaðarskóglendi undir leiðsögn Guttorms Pálssonar og Sigurðar Blöndals, og gaf þar að líta marga fagra og furðulega hluti.

Guðmundur Karl Pétursson stýrði kvöldvöku, sem haldin var á föstudagskvöldið og var hún að vanda skemmtileg og fjölbætt.

Skýrslur skógræktarfélaganna árið 1954.

Skógræktarfélag Akraness.

Stjórn félagsins: Guðmundur Jónsson formaður, Jón M. Guðjónsson ritari, Lárus Árnason gjaldkeri, Sveinbjörn Oddsson og Hálf dán Sveinsson. Tala félaga 239.

Gróðursett var: 2000 birki, 4000 reynir, 1000 rauðgreni, 200 Alaskaösp, 500 síberískt lerki og 2000 víðir. Ennfremur í skjólbelti í girðingu félagsins 1000 skógarfura. Alls 10.700 plöntur.

Félagsmönnum voru afhentar í garða 345 plöntur.

Aðalfundur var haldinn á árinu og 4 stjórnarfundir.

Í sjóði f. f. ári kr. 2.768,55, tekjur á árinu kr. 8.590,00. Gjöld á árinu kr. 8.540,95. Í sjóði kr. 2.817,60. Hrein eign kr. 12.286,95.

Skógræktarfélag Árnesinga.

